



Hvernig næst árangur í knattspyrnu?

Samanburðarrannsókn á uppbyggingu knattspyrnuþjálfunar barna tólf ára og yngri hjá félagsliðum á Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Hilmar Rafn Kristinsson

Október 2017

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Ípróttá-, tólstunda- og þroskaþjálfadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Hvernig næst árangur í knattspyrnu?

***Samanburðarrannsókn á uppbyggingu í knattspyrnuþjálfunar
barna tólf ára og yngri hjá félagsliðum á Íslandi, Noregi og
Svíþjóð.***

Hilmar Rafn Kristinsson

Lokaverkefni til M.ed-prófs í íþróttá- og heilsufræði

Leiðbeinandi: Erlingur S. Jóhannsson

Íþróttá, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Október 2017

Hvernig næst árangur í knattspyrnu - samanburðarrannsókn á uppbyggingu knattspyrnuþjálfunar barna tólf ára og yngri hjá félagsliðum á Íslandi, Noregi og Svíþjóð

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.ed-prófs í íþróttá- og heilsufræði við Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2017, Hilmar Rafn Kristinsson

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2017

Formáli

Eftir að hafa starfað við þjálfun frá því ég var unglingur þá hef ég haft mikinn á áhuga á mismunandi uppbyggingu og aðferðafræði í þjálfun barna. Það að skoða hvernig aðrir þjálfarar og félag byggja sitt starf upp er nauðsynlegt til þess að þróast í starfi. Lokaverkefni mitt byggist einmitt upp á því að bera saman aðferðir við knattspyrnuþjálfun barna.

Ég vill þakka leiðbeinanda mínum, Dr. Erlingi Jóhannssyni, fyrir gott samstarf. Einnig vill ég þakka Knattspyrnusambandi Íslands og Magna Fannberg Magnússyni, þróunarstjóra knattspyrnuliðsins Brann í Noregi, fyrir stuðning og aðstoð við verkefnið. Að lokum fær fjölskyldan mín bestu þakkir fyrir ómældan stuðning og þolinmæði.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálfur ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 27. september 2017

Hilmar Rafn Kristinsson

Ágrip (útdráttur)

Inngangur

Meginmarkmið þessa verkefnis var að skoða uppbyggingu yngri flokka starfs sem fer fram hjá knattspyrnufélögum hér á Íslandi og bera það saman við uppbyggingu yngri flokka starfs hjá sambærilegum félögum í Noregi og Svíþjóð. Markmiðið var að sjá hvort það væri áherslumunur í einhverjum þáttum starfsins á milli landanna.

Aðferðir

Þeir þættir sem lögð var áhersla á eru; hverjir sjá um þjálfunina, menntun þjálfara, fjöldi iðkenda, fjöldi iðkenda á hvern þjálfara, stærð og fjöldi hópa, aðstæður og skipting iðkenda í hópa. Gögnum var aflað með eigindlegum viðtölum og stöðluðum spurningalista. Tekin voru viðtöl við þrjá einstaklinga sem allir voru starfandi sem yfirþjálfarar hjá sínum félagsliðum. Viðtölin byggðust upp á hálfopnum spurningum þar sem viðmælendur voru beðnir um að svara spurningum sem snúa að yngri flokka starfi félagsins ásamt því að leita eftir reynslu, upplifun og skoðunum viðmælenda.

Niðurstöður

Þjálfun barna 12 ára og yngri er eingöngu í höndum foreldra í Noregi og Svíþjóð fyrir utan akademíustarfsemi félaganna á meðan öll þjálfun er í höndum menntaðra og launaðra þjálfara á Íslandi. Hátt hlutfall íslenskra yngri flokka þjálfara eru kennaramenntaðir. Íslensk börn geta byrjað 3 ára gömul að æfa en í Noregi eru yngstu iðkendur 4 ára og 6 ára í Svíþjóð. Börn á leikskólaaldri æfa oft en jafnaldrar þeirra í Noregi og Svíþjóð og keppa einnig reglulega yfir árið á meðan það tíðkast ekki að þessi aldurshópur keppi í Noregi og Svíþjóð. Á Íslandi mætir stór hópur, allt að 80, iðkenda saman á æfingu og er þar skipt í minni hópa og æfingin fer fram í stöðvarþjálfun eða hringekjufyrirkomulagi á meðan flestar æfingar í Noregi og Svíþjóð eru þannig að hópurinn er lítill, 12 til 20 iðkendur, og keppir sem eitt lið sem er oft fulltrúi síns skólahverfis. Æfingar á Íslandi eru farnar að vera í framhaldi af skóladeginum á meðan allar æfingar í Noregi og Svíþjóð eru eftir að hefðbundnum vinnudegi foreldra lýkur. Æfingagjöld á Íslandi eru um fjórum sinnum hærra en í Noregi og Svíþjóð en á móti kemur að iðkendur geta sótt um iðkendastyrk hjá flestum sveitarfélögum á Íslandi en það þekkist ekki í Noregi og Svíþjóð. Getuskipting byrjar að einhverju leyti á Íslandi strax við 6 ára aldur, í Noregi byrjar getuskipting formlega við 14 ára aldur og í Svíþjóð vill þarlent Knattspyrnusamband byrja getuskiptinu við 15 ára aldur en sænska félagið í rannsókninni byrjar að velja þá bestu saman strax 7 ára hjá stráku og 12 ára hjá stúlkum. Hjá öllum félögum er aðallega stuðst við huglægt mat þjálfara við getuskiptingu.

Ályktanir

Uppbygging knattspyrnuæfinga á Íslandi annars vegar og í Noregi og Svíþjóð hinsvegar er mjög ólíkt. Knattspyrnuþjálfun á Íslandi er þykir góð hvað varðar menntun og gæði þjálfara og samstarf við grunnskóla á meðan öll þjálfun í Noregi og Svíþjóð er í höndum foreldra í sjálfboðavinnu. Íslensk börn hafa líka tækifæri á að byrja að æfa fyrir ásamt því að kynnst því að keppa fyrir en jafnaldrar þeirra í Noregi og Svíþjóð. Akademiustarf þar sem valdir eru þeir einstaklingar úr stórum hóp iðkenda og þeir látnir æfa og keppa saman tíðkast bæði í Noregi og Svíþjóð en slíkar akademíur eru ekki starfræktar á Íslandi. Á Íslandi fá allir sömu þjónustu og til að einstaklingar fái verkefni við hæfi er getuskipt í hópa strax frá 6 ára aldri.

Abstract

How is success achieved in soccer?

A comparative study of the structure of soccer training of children twelve years and younger at soccer clubs in Iceland, Norway and Sweden.

Introduction

The primary purpose of this study was to examine the structure of youth training organized by the soccer clubs in Iceland and compare it with the structure of youth training organized by comparable soccer clubs in Norway and Sweden. The goal was to see whether there was any difference in emphases on some aspects of the structure between the countries.

Methods

The factors emphasized were; who handles the training, the education of the coaches, number of players, number of players per coach, size and number of groups, facilities and division of group players. Data was obtained through qualitative interviews and standard questionnaires. Interviews were conducted with three individuals, all of whom were employed as head coaches in their clubs. The interviews were based on half-open questions, where participants were asked to answer questions relating to the younger classes of the club, as well as looking for experience and opinions of the participants.

Results

The training of children aged 12 years and younger is exclusively in the hands of parents in Norway and Sweden apart from academic activities while all training is in the hands of educated and paid coaches in Iceland. A high proportion of Icelandic junior coaches are educated as teachers. Icelandic children can start at the age of 3 years to practice, but in Norway the youngest players are 4 years old and 6 years old in Sweden. Children at preschool age practice more often than their peers in Norway and Sweden. They also compete regularly throughout the year, while it is not common for this age group to compete in Norway and Sweden. In Iceland, a large group of up to 80 players attend a training session and is divided into smaller groups. Furthermore, the exercise takes place in stationary or cycling arrangements, while most of the exercises in Norway and Sweden are such that the group is small from 12 to 20 players. Then they compete as one team that is

often the representative of their school area. Exercises in Iceland have begun to be after the school day finishes, while all the exercises in Norway and Sweden are after the end of the traditional working day. Exercise fees in Iceland are four times higher than in Norway and Sweden, but on the other hand, players can apply for an activity grant at most municipalities in Iceland. However, these are not known in Norway and Sweden. Talent categorization commences often at the age of 6 in Iceland, while in Norway, formal talent categorization begins at the age of 14. Furthermore, in Sweden the Soccer Federation recommends to start the talent categorization at the age of 15, while the Swedish club in the study starts to categorize at the age of 7 on the boys side and at the age of 12 on the girls side. In all clubs, talent categorization is mainly based on a subjective evaluation by the coaches.

Conclusions

The structure of soccer training in Iceland, on the one hand, and Norway and Sweden, on the other hand, is very different. Soccer training in Iceland is good in terms of education and quality of coaches and cooperation with elementary schools while all training in Norway and Sweden is in the hands of parents volunteers. Icelandic children also have the opportunity to start exercising earlier, as well as getting acquainted with competing earlier than their peers in Norway and Sweden. Soccer academies where individuals from a large group of players are selected and they practice and compete together are well known in both Norway and Sweden. However, such academies are not operated in Iceland. In Iceland, everyone receives the same service and to ensure that every individual gets appropriate training, talent categorization starts at the age of 6.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip (útdráttur)	4
Abstract	6
Efnisyfirlit	9
Myndaskrá	12
Töfluskrá	13
1 Inngangur	15
2 Fræðilegur inngangur	18
2.1 Gildi íþróttar	18
2.2 Kostnaður við knattspyrnuíðkun barna	18
2.3 Að koma auga á hæfileika og mikilvægi markvissar þjálfunar	21
2.4 Getuskipting og sérhæfing	24
2.5 Þróun knattspyrnumála á Íslandi síðustu ár	27
2.6 Faglegar áherslur knattspyrnusambandanna fyrir knattspyrnuþjálfun hjá iðkendum tólf ára og yngri 28	
2.6.1 Knattspyrnusamband Noregs (NFF)	28
2.6.2 Knattspyrnusamband Svíþjóðar (SvFF)	30
2.6.3 Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ)	32
2.7 Markmið og rannsóknarspurningar	34
3 Aðferðir	35
3.1 Rannsóknaraðferð	35
3.2 Framkvæmd	35
3.3 Þátttakendur	36
3.4 Félögin	36
3.5 Gagnaöflun, úrvinnsla og greining gagna	37
4 Niðurstöður og umræður	38
4.1 Almenn lýsing á starfi félaganna	38
4.1.1 Samantekt	41

4.1.2	<i>Umræður</i>	41
4.2	Aldur barna sem byrja að æfa markvisst knattspyrnu á Íslandi, Noregi og Svíþjóð og fjöldi æfinga 42	
4.2.1	<i>Samantekt</i>	45
4.2.2	<i>Umræður</i>	45
4.3	Fjöldi iðkenda og skipting í hópa hjá félögum á Íslandi, Noregi og Svíþjóð	47
4.3.1	<i>Samantekt</i>	50
4.3.2	<i>Umræður</i>	50
4.4	Menntun og laun þjálfara sem koma að knattspyrnuþjálfun barna á Íslandi, Noregi og Svíþjóð 52	
4.4.1	<i>Samantekt</i>	53
4.4.2	<i>Umræður</i>	53
4.5	Aðstæður þeirra barna sem æfa knattspyrnu á Íslandi, Noregi og Svíþjóð og stuðningur sveitarfélaga og knattspyrnusambandanna	55
4.5.1	<i>Samantekt</i>	57
4.5.2	<i>Umræður</i>	57
4.6	Næstu skref í knattspyrnuþjálfun barna	58
4.6.1	<i>Samantekt</i>	60
4.6.2	<i>Umræður</i>	60
4.7	Styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar	61
	Samantekt	63
	Lokaorð	66
	Heimildir	68
	Viðaukar	72

Myndaskrá

- Mynd 1. Hugsanleg spá um hæfileika í knattspyrnu (aðlagað frá Williams og Reilly, 2000).....24
- Mynd 2. Tvær leiðir í knattspyrnuíðkun (aðlagað frá Norges Fotballforbund, 2013).....27

Töfluskra

Tafla 1. Samantekt á starfi félaganna.....	42
Tafla 2. Tímabilaskipting hjá iðkendum 12 ára og yngri.....	44
Tafla 3. Fjöldi æfinga og keppni hjá iðkendum 6 ára og yngri.....	44
Tafla 4. Fjöldi æfinga og keppni hjá iðkendum 7 til 8 ára.....	44
Tafla 5. Fjöldi æfinga og keppni hjá iðkendum 9 til 10 ára.....	45
Tafla 6. Fjöldi æfinga og keppni hjá iðkendum 11 til 12 ára.....	45
Tafla 7. Samantekt á fjölda og skipting í hópa hjá félögunum.....	51
Tafla 8. Samantekt á æfingagjöldum.....	57
Tafla 9. Samantekt á hvaða næstu skref viðmælendur vilja sjá í knattspyrnuþjálfum á næstu árum.....	61

1 Inngangur

Knattspyrna er talinn einstakur leikur og hjá mörgum sem hafa iðkað knattspyrnu á einhverjum tíma á lífsleiðinni, oftast sem krakkar, fylgir áhuginn oft út lífið. Fólk spilar og horfir á knattspyrnu af því að það elskar leikinn og finnur fyrir vellíðan, gleði og upplifunar í gegnum leikinn (Hargreaves, 1990). Á sama tíma og tvö lið keppa sín á milli fyrir framan tugþúsundir áhorfenda og í húfi eru mörg hundruð milljónir geta krakkar verið að spila þennan sama leik úti á götu. Í grunninn er knattspyrna afar einfaldur leikur sem snýst um að koma boltanum í mark andstæðinga án þess að nota hendur og verjast því að andstæðingurinn komi boltanum í mark þó að vissulega í séu reglurnar ítarlegri í mótsleikjum. Þessi einfaldleiki gerir það að verkum að nánast allir geta leikið sér í knattspyrnu, eina sem þarf til er bolti og efnivið til að búa til mörk (Bisanz og Vieth, 2002).

Árangur íslensku landsliðanna í knattspyrnu hefur vakið mikla athygli. Hápunkturinn var sumarið 2016 þegar karlalandsliðið komst í átta liða úrslit á Evrópumótinu í Frakklandi og sló út knattspyrnustórveldið England í sextán liða úrslitum (UEFA, 2016). Þessi árangur hefur komið mörgum erlendum sérfræðingum á óvart og þjálfarar, blaðamenn og aðrir áhugamenn um knattspyrnu hafa komið til Íslands í þeim tilgangi að reyna að finna svarið við velgengni Íslendinga á knattspyrnuvellinum (Liew, 2016). Svarið við spurningunni hvernig stendur á því að rúmlega þrjúhundruð þúsund manna þjóð geti náð svona góðum árangri í knattspyrnu eins og A-landslið bæði kvenna og karla hafa náð á síðustu árum. En hvernig náum við árangri og hvað skilgreinum við sem árangur? Sæti á heimslistum, árangur á mótum, fjöldi atvinnumanna eru þau dæmi um árangur sem koma oftast fram í þegar árangur er til umræðu. Það er hinsvegar aðeins hluti af þeim mikla fjölda sem stundar knattspyrnu sem nær þeim árangri að verða afreksknattspyrnumenn. Árangur getur einnig falist í því að börn og unglingar kynnist ávinnings þess að stunda markvissar íþróttir. Að iðkendur læri að vera hluti af hóp og kunni takast á við mótlæti.

Knattspyrna er vinsælasta og mest stundaða íþrótt á Íslandi. Tölur frá árinu 2014 sýna að 22.638 einstaklingar stunduðu knattspyrnu hjá félögum innan Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), 7.217 konur og 15.421 karlar. 80% af þessum 22.638 einstaklingum voru 19 ára

eða yngri (ÍSí, 2015). Í þessum tölum eru ekki taldir með allir þeir knattspyrnuíðkendur sem spila reglulega yfir árið í hópum eða liðum sem ekki eru innan KSÍ eins og lið í utandeildum og hópar sem hittast vikulega eða oftast í leigutímum. Samkvæmt norska knattspyrnu-sambandinu voru einstaklingar sem stunduðu knattspyrnu árið 2014 hjá félögum innan knattspyrnusambandsins alls 375.313 talsins (NFF, 2016). Sænska knattspyrnusambandið telur að yfir milljón iðkendur hafi æft knattspyrnu árið 2015 í Svíþjóð (SVFF, 2016). Á heimslista FIFA sem gefinn var út þann 24. nóvember 2016 var íslenska karlalandsliðið í 21. sæti, efst allra Norðurlanda en næsta Norðurlandþjóð var Svíþjóð í 41. sæti svo Danmörk í 46. sæti, Noregur og Færeyjar deildu svo 84. sætinu og neðst af Norðurlöndunum var svo Finnland í 93. sæti (FIFA, 2016). Vegna umfangs þessa verkefnins verður einblínt meira á karlaknattspyrnu þó að höfundur telji að heimfæra megi flestar niðurstöður á bæði kyn.

Knattspyrnumhverfið á Íslandi er einstakt hvað varðar yngri flokka þjálfun. Hér fá allir að taka þátt óháð getu, kyni og fleira. Mörg sveitarfélög hafa byggt upp fyrirmyndar-aðstöðu til knattspyrnuíðkunar. Yfirbyggð æfingahús, knattspyrnuhallir, sparkvellir, íþróttahús og fleira. Það sem einkennir starfið hér á landi er að íþróttafélögum eru úthlutaðir tímar í þessum mannvirkjum og oftast án endurgjalds. Þetta er sennilega ein af þeim ástæðum fyrir því að við höfum verið að ná góðum árangri á erlendri grundu bæði með landsliðum okkar og einstaklingum sem hafa farið og spilað erlendis. Þetta fyrirkomulag gefur íþróttafélögunum svigrúm til að nota iðkendagjöld til þess að ráða inn hæfa þjálfara og vera með reglulegar æfingar yfir allt árið.

Einn af tekjumöguleikum knattspyrnuliða er að ná að selja unga leikmenn til erlendra liða. Það getur því verið fjárhagslega hagkvæmt fyrir íslensk félagslið að vera með öflugt barna- og unglíngastarf. Samkvæmt rannsókn Elfars Árna Aðalsteinssonar þá fara flestir íslenskir leikmenn til Norðurlandanna og oft hefur verið talað um Noreg og Svíþjóð sem stökkpall fyrir íslenska leikmenn í aðrar sterkari deildir (Elfar Árni Aðalsteinsson, 2015). Knattspyrnumaðurinn Björn Bergmann Sigurðsson var til dæmis seldur frá norska liðinu Lilleström til Wolves fyrir 342 milljónir árið 2012, Viðar Örn Kjartansson fór frá norska liðinu Valeranga til kínverska liðsins Jiangsu Saintu fyrir 323 milljónir árið 2015 og Arnór Ingvi Traustason fór frá sænska liðinu IFK Norrköping til austuríska liðsins Rapid Vín fyrir 323 milljónir (Þórður Már Sigfússon, 2016). Þar sem Arnór Yngvi spilaði með Keflavík áður en

hann fór út til Svíðþjóðar þá er talið að Keflavík hafi fengið um 50 milljónir fyrir það eitt að hann var seldur frá IFK Norrköping til Rapid Vín en Keflavík átti rétt á uppeldisbótum ásamt því að þegar Arnór Yngvi var seldur til IFK Norrköping frá Keflavík þá var klásúla í samningnum að Keflavík fengi ákveðið hlutfall af næstu sölu (Tómas Þór Þórðarson, 2016). Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er meðvitað um mikilvægi góðs barna- og unglíngastarfs og eru öll félög í efstu og næstefstu deild skyldug til þess að vera með uppbyggingarstarf innan félagsins. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fyrrum fræðslustjóri KSÍ, hefur haldið því fram að sú staðreynd að nánast allir þeir sem koma að þjálfun á yngstu iðkendum á Íslandi eru menntaðir þjálfarar sé burðarstólpi á þeim góða árangri sem íslenskt knattspyrnufólk hefur náð (Sigurður Ragnar Eyjólfsson, 2007).

Meginmarkmið þessa verkefnis er að skoða uppbyggingu yngri flokka starfs sem fer fram hjá knattspyrnufélagi hér á Íslandi og bera það saman við sambærileg félög í Noregi og Svíþjóð. Þau félag sem eru skoðuð eiga það sameiginlegt að hafa náð góðum árangri í þáttum eins og að eiga fulltrúa í landsliðsúrtekum, sölu á ungum knattspyrnumönnum og gríðarlegum fjölda virkra iðkenda. Markmiðið er að sjá hvort það sé áherslumunur í einhverjum þáttum starfsins á milli landanna. Þeir þættir sem lagt verður áhersla á er; hverjir sjá um þjálfunina, menntun þjálfara, fjöldi iðkenda, fjöldi iðkenda á hvern þjálfara, stærð og fjöldi hópa, aðstæður og skipting iðkenda í hópa.

2 Fræðilegur inngangur

2.1 Gildi íþróttar

Talið er að rúmlega 8 af hverjum 10 íslenskum börnum um 12 ára aldur stundi skipulagðar íþróttir sem gerir íþróttir að vinsælustu tómstundaiðkun barna (Guðbjörg Norðfjörð o.fl., 2015). Þátttaka í skipulagðri íþróttastarfsemi nær hámarki í 7. bekk en þá stunda um 83% ungmenna skipulagðar æfingar einu sinni í viku eða oftari og rúmlega helmingur þeirra sem stunda skipulagðar íþróttir gera það fjórum sinnum eða oftari í viku (Viðar Halldórsson, 2014). Það er margt unnið með því að börn og unglingar stundi skipulagðar íþróttir. Að stunda íþróttir gefur einstaklingum tækifæri til að vera hluti af hóp sem hefur svipuð markmið og gildi. Börn sækjast í að iðka skipulagðar íþróttir því þau vilja læra nýja færni, finnst skemmtilegt, fá útrás, upplifa spennu, fá líkamlega hreyfingu, eru með vinum og eignast nýja vini ásamt því að upplifa keppnir og áskoranir (Weinberg og Gould, 2007; Þórhallur Siggeirsson, 2011, 2014).

Rannsóknir hafa sýnt fylgni á milli hreyfingar fyrir bæði líkamlega og andlega vellíðan og jafnframt að íþróttaiðkun hefur jákvæð áhrif á námsárangur (Sigfúsdóttir, Kristjánsson og Allegrante, 2007). Sýnt hefur verið fram á jákvæð áhrif skipulagðar íþróttaiðkunar á hreyfiproska, félagsfærni og frammistöðu í námi (Green, 2005). Þau börn sem æfa íþróttir finna sjaldnar fyrir einmanaleika heldur en þau sem stunda ekki íþróttir og hlutfall þeirra sem finna stundum eða oft fyrir einmanaleika minnkar eftir því sem fjöldi æfinga eykst (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2015). Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að börn og unglingar sem taka þátt í skipulögðu starfi eins og til dæmis skipulögðum íþróttum líður almennt betur en öðrum ungmönnum og eru líklegri til þess að neyta hollrar fæðu (Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2006).

2.2 Kostnaður við knattspyrnuíðkun barna

Samkvæmt könnun Ungmennasamband Íslands frá árinu 2016 á stuðningi sveitafélaga á Íslandi við íþróttaiðkun barna kom í ljós að langflest af þeim 74 sveitafélögum sem eru á

Íslandi eru meðvituð um gildi íþróttaiðkunar fyrir börn og unglina. Flest þeirra styrkja börn og unglina til íþróttaiðkunar með því til dæmis að greiða niður æfingagjöld eða veita styrki (Hvað er þinn frístundastyrkur hér?, 2016). Sem dæmi má nefna að árið 2016 styrkti Kópavogsbær hvert barn um 37.000 krónur en meginskilyrði styrkjanna var að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna. Markmið Kópavogsbæjar með þessum styrkjum var að öll börn, 5 til 18 ára, búsett í Kópavogi geti stundað uppbyggilegt frístundastarf óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum (Frístundastyrkir, 2016). Reykjavík, Garðabær og Hafnafjörður eru með svipaða styrkjakerfi hjá sér (Frístundakortið, 2016; Hvatapeningar, 2016; Reglur - meginmarkmið og skilyrði frístundastyrkja, 2016).

Sá þáttur í stuðningi sveitafélaganna sem oft gleymist í umræðunni og hefur þegar verið fjallað um hér að ofan er sá að flest sveitafélög á landinu útvega íþróttafélögum aðstöðu til að halda úti íþróttastarfi. Sveitafélögin eiga flest það húsnæði og íþróttamannvirki sem íþróttaiðkun fer fram í og sjá jafnvel einnig um stóran hluta af rekstrarkostnaði þessara mannvirkja. Kópavogsbær tók saman heildarrekstrarkostnað af sínum helstu íþróttamannvirkjum fyrir árið 2015 og var sá kostnaður metinn upp á rúma tvo milljarða. Þessi kostnaður snýr að vísu ekki allur að rekstri á mannvirkjunum fyrir íþróttafélögin heldur einnig fyrir íþróttakennslu fyrir grunnskólana, leigutímar og mannvirki fyrir almenning eins og til dæmis sundlaugar bæjarins (Kópavogsbær, 2016b).

Æfingagjöld hjá flestum knattspyrnudeildum á Íslandi er á bilinu 60.000 til 90.000 krónur fyrir árið fyrir iðkendur frá 6 til 12 ára. Æfingagjöld hjá Knattspyrnudeild Fjölnis voru til dæmis 75.000 krónur fyrir árið hjá iðkendum frá 8 til 10 ára fyrir tímabilið 2016 - 2017 (Fjölnir, án ártals). Þetta eru heildaræfingargjöld sem hver deild innan félags ákveður og foreldrar geta síðan nýtt frístundastyrk frá sveitafélaginu til að niðurgreiða þessi gjöld en þó ber að hafa í huga að styrkurinn nýtist bara fyrir eina íþróttagrein í flestum tilfellum. Þannig að ef einstaklingur er að æfa fleiri en eina íþróttagrein þá þarf hann að öllu líkindum að greiða full æfingagjöld fyrir aðra greinina.

Á síðustu árum hafa æfingagjöld hafa verið hitamál í Noregi. Fréttamiðilinn TV2 í Noregi fjallaði í mars 2017 um að knattspyrna væri að verða íþrótt þeirra efnuðu og að æfingagjöld hefðu hækkað mikið á síðastliðnum árum. Hjá norska knattspyrnufélaginu Lyn kostar frá 202.000 til 271.000 krónum miðað við viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands þann 2.

júní 2017 (Seðlabanki Íslands, 2017) að æfa allt árið. Innifalið í því eru allar ferðir, æfingabúðir og búnaður. Foreldrum og iðkendum gefst kostur á að vinna sjálfboðastarf fyrir félagið upp í hluta af æfingagjöldunum. Allar þessar tölur eru miðaðar við að einstaklingur sé í akademíustarfi hjá félaginu (Johannessen og Rørtveit, 2017). Flestar knattspyrnuakademíur virka þannig að valið er úr miklum fjölda iðkenda og þátttaka er takmörkuð (Þórhallur Siggeirsson, 2014).

Í viðtali við norska fjölmiðilinn TV2 frá mars 2017 segist Terje Svendsen, formaður norska Knattspyrnusambandsins (NFF), hafa áhyggjur af þessari þróun. Hann er á því að knattspyrna eigi að vera fyrir sem flesta og telur að það séu ekki eingöngu láglaunafjölskyldur sem hafi ekki efni á að borga æfingagjöld heldur sé kostnaður í sumum tilfellum orðinn svo hár að fjölskyldur með meðalinnkomu á mánuði hafi heldur ekki efni á að börn þeirra æfi í akademíustarfi hjá félögunum. Hann telur að þetta þurfi ekki að vera svona dýrt og sem dæmi þá þurfi 13 og 14 ára einstaklingar ekki að ferðast í æfingabúðir og mót erlendis til að verða betri knattspyrnumenn. Í Noregi hafa sveitafélögin sett mikið fjármagn í að koma upp gervigrasvöllum fyrir félögin sem fá síðan í flestum tilfellum aðgang að þeim án þess að þurfa að borga (Johannessen og Rørtveit, 2017).

Samkvæmt talsmanni norska félagsins Stabæk þá eru í boði nokkrir valkostir fyrir iðkendur. Hefðbundið grasrótastarf kostar frá 17.000 til 35.000 krónum. Það er einnig hægt að velja að borga um 70.000 krónur og þá er boðið upp á upphitaðan æfingavöll og keppnisbúning. Akademíustarfið sem er í boði frá 13 ára aldri getur kostað allt að 175.000 krónur en þá eiga leikmenn eftir að útvega sér skóbúnað og hluta af einni til tveimur utanlandsferðum sem kostar hver um sig um 50.000 krónur. (Johannessen, 2017). Það er ekki dýrt að æfa knattspyrnu hjá grasrótarliðum í Noregi. Æfingagjöld eru því ekki niðurgreidd af sveitarfélögunum en þess í stað eiga sveitafélögin oft knattspyrnuvellina sem félögin æfa á og fá að gera það oft á tíðum án þess að greiða leigu. Félögin greiða hinsvegar oft fyrir upphitun á völlum ef þeir eru með lagnakerfi og þurfa stundum að leiga tíma í knattspyrnuhöllum og íþróttasölum yfir köldustu mánuðina. Framkvæmdarstjóri knattspyrnuliðsins Vålerenga viðurkennir að það kosti meira með aukinni þjónustu, það þurfi að hita upp vellina, leigja tíma í knattspyrnuhúsum og fleira. Framkvæmdastjóri knattspyrnuliðsins Lyn segir að knattspyrna sé í dag heilsársíþrótt og félagið þurfi að standa

undir þjálfara- og starfsmannakostnaði og rekstrarkostnaði við upphitun gervigrasvalla (Johannessen, 2017).

Samkvæmt Gunnari Pettersson, þjálfunarráðgjafa hjá Knattspyrnusambandi Svíþjóðar fá félög í Svíþjóð ákveðna upphæð fyrir hvern iðkanda og hverja æfingu sem félagið býður upp á. Þessi styrkur kemur frá ríkinu og sveitarfélögunum. Þessar upphæðir eru um 270 krónur fyrir hverja æfingu og 90 krónur fyrir hvern iðkanda á æfingu miðað við viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands þann 2. júní 2017. Flest sveitarfélög í Svíþjóð eiga knattspyrnuvöllina sem félögin æfa og spila á. Félögin borga leigu fyrir afnot af völlum. Hjá flestöllum sveitarfélögum er ódýrara að leigja völlum fyrir knattspyrnufélög með yngri flokka starf heldur en fyrirtæki, vinahópa eða félög frá öðrum sveitarfélögum. Aðstaðan er dýrari yfir vetrartímam þar sem félögin stóla á að æfa á gervigrasvöllum á meðan þau geta æft á grasvöllum yfir sumartímam og oft er leiga á völlum dýrara í stórborgum heldur en í minni sveitarfélögum (G. Pettersson, munnleg heimild, tölvupóstur, 24. mars 2017).


2.3 Að koma auga á hæfileika og mikilvægi markvissar þjálfunar

Til eru margar skilgreiningar á hugtakinu hæfileiki. Ein þeirra er að hæfileikar eru eitthvað sem þú hefur, eitthvað sem þú ert, eitthvað sem þú getur orðið eða eitthvað sem þú getur þróað (Sæther, 2014). Moon kom með skilgreiningu að hæfileiki væri óvenjuleg náttúruleg hæfni til að ná markmiðum (Moon, 2003). Að koma auga á hæfileika hjá ungum einstakling í hópíþrótt er langt frá því að vera færbandavinna. Það er mun erfiðara að spá fyrir um hæfileika einstaklinga í hópíþróttum eins og knattspyrnu heldur en í einstaklingsíþróttum eins og frjálsum, sundi og fimleikum (Reilly, Williams, Nevill og Franks, 2000). Hluti af starfinu hjá mörgum knattspyrnufélögum snýr að afreksstarfi þar sem þarf að greina og þróa hæfileika. Samkvæmt rannsókn á meðal norskra knattspyrnuþjálfara frá árinu 2014 þá kom í ljós að flestir þeirra hafa ákveðna sýn á hvernig velja eigi hæfileikaríka einstaklinga úr stórum hóp en hinsvegar áttu þeir í erfiðleikum að útskýra hvaða aðferðir og hugmyndafræði þeir nota til að velja úr (Sæther, 2014). Það er mikill innri hvati hjá mörgum sem eru eitthvað viðloðnir íþróttahreyfinguna að vera sá aðili sem uppgötvar eða kemur að þróun næstu stórstjörnu (Gray og Plucker, 2010).

Með auknum fjölda iðkenda er mikilvægt að hæfileikagreining fari fram í starfinu meðal annars við það að velja í lið og hópa (Þórhallur Siggeirsson, 2014). Með auknum peningum þá eru kröfur á þjálfun orðnar meiri. Stóru félagsliðin í Evrópu keppast um að uppgötva næstu stórstjörnu aðallega til þess og geta þróað leikmenn áfram og þar með aukið verðgildi leikmannsins og einnig til að missa ekki af leikmönnum í önnur félagslið (Sæther, 2014). Hæfileikagreining hefur í gegnum tíðina aðallega snúið að því að spá fyrir um hvaða einstaklingar eru líklegri til að ná lengra en aðrir. Þá er oft horft í hvaða eiginleikum einstaklingurinn býr yfir á kostnað þess að skoða hvaða eiginleika einstaklingurinn gæti þróað með sér og oftast eru þá valdir þeir sem eru hafa líkamlega yfirburði á jafnaldra sína (Sæther, 2014).

Stefnan hjá mörgum félagsliðum er að koma auga á og þróa efnilega leikmenn sem svo seinna verða hugsanlega leikmenn hjá aðalliði félagsins. Það er mikilvægt að þær aðferðir sem félög beita í getugreiningu geri mun á getu einstaklings á unglingsárum og mögulegri getu í framtíðinni (Vaeyens, Lenoir, Williams og Philippaerts, 2008). Það er hins vegar tilhneiging sumra þjálfara og annarra sem koma að barna- og unglingsþjálfun bæði ómeðvitað og meðvitað að sinna frekar þeim einstaklingum sem eru með sterka líkamlega yfirburði frekar en tæknilega getu. Það er því hætta á að þeim einstaklingum sem eru undir í líkamlegum styrk sé ekki sinnt jafnvel og þeim líkamlega sterkari og jafnvel séu settir út úr hóp eða liði (Unnithan, White, Georgiou, Iga og Drust, 2012).

William og Reilly skilgreina hæfileikagreiningu sem ferli til að kortleggja leikmenn sem eiga möguleika á að verða afreksíþróttamenn (A. M. Williams og Reilly, 2000). Þegar greina á einstakling þarf hinsvegar að hafa fleiri þætti í huga. Þættir sem snúa að félagslegri færni, sálfræðilegum þáttum, líkamlegum og lífeðlisfræðilegum einkennum, sjá mynd 1 (A. M Williams og Frank, 1998).



Mynd 1. Hugsanleg spá um hæfileika í knattspyrnu (aðlagð frá Williams og Reilly, 2000)

Í mörgum félagsliðum er mikil áhersla í barna- og unglingsþjálfun á tækni og því möguleiki á að þeir sem eru seinni til í líkamlegum þroska eigi góða möguleika á að ná árangri á efri stigum eftir að fullum líkamlegum þroska hefur verið náð. Yngri flokka starfið innan félaganna má því ekki snúast of mikið um þá einstaklinga sem hafa líkamlega yfirburði fram yfir jafnaldra sína (A. M. Williams og Reilly, 2000). Ef það er raunin þá er hættu á því að þeir einstaklingar sem eru seinni til í líkamlegum þroska missi af ákveðnum þáttum þjálfunar sem skerðir þá möguleika þeirra að ná langt eftir að líkamlegum þroska hefur verið náð (Hirose, 2009). Því skiptir hæfni þjálfara miklu máli eins og rannsókn Vella og félagi frá árinu 2013 sýndi fram á. Samskipti þjálfara og iðkanda hefur jafnvel meira vægi í þróun og framtíð iðkanda heldur en árangur liðs. Líkt og í almennri kennslu þá skiptir máli að þjálfarar hafi þekkingu í að grípa í inn á réttum tímapunktum. Að þeir geti nýtt sér velgengi sem og mótlæti til að bæta við þekkingu og hæfni hjá iðkendum (Vella, Oades og Crowe, 2013). Góðir þjálfarar eiga að þekkja það hvenær hægt er að auka álag á iðkendur og hvenær þarf að draga úr álagi og væntingum (A. M. Williams og Reilly, 2000).

2.4 Getuskipting og sérhæfing


Með auknum fjölda iðkenda fylgja ný verkefni. Í fjölmönnum hópi iðkenda þá getur munur á getu einstaklinga innan hópsins verið mikill. Skiptar skoðanir eru hvort og hvenær eigi að getuskipta. Sumir vilja bíða alveg með getuskiptingu fram yfir kynþroskaaldur svo að allir hafi jafna möguleika á að ná árangri og tengja það beint við að líkamlegur styrkur er oft stór þáttur í árangri einstaklinga fram að og einnig á kynþroskaaldri (Cobley, Baker, Wattie og McKenna, 2009). Undir þetta tekur Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, hún er jafnframt á því að of mikil áhersla sé á getuskiptingu barna í hópíþróttum og er á því að banna eigi getuskiptingu í hópíþróttum fram að 10 ára aldri (RÚV, 2012a). Ian Lawrence birti grein í Soccer Journal þar sem hann gagnrýnir helstu nálganir og aðferðir varðandi getuskiptingu. Hann varpar fram þeirri spurningu hvort íþróttir séu eitthvað sem eigi að taka það alvarlega að það þurfi tæki til að getuskipta. Að hans mati eiga hæfileikar að fá að þróast með eðlilegum hætti án sérstakrar getuskiptingar (Lawrance, 2010). Lawrance bendir einnig á hvort það sé réttlætanlegt að kosta miklu fé og tíma í getuskiptingu ef það er hætta á það bitni á grasrótarstarfinu. Tomas Peterson, prófessor við háskólann í Malmö, hefur fjallað mikið um getuskiptingu og hefur verið mjög gagnrýninn á sænska knattspyrnusambandið varðandi nálgun á þessum málum. Hann vill meina að uppbyggingarstarf hjá mörgum félagsliðum sé pýramíðslaga og snúist um að búa til tannstöngla úr trjádrumbum. Hann vill meina að stærsta vandamál við getuskiptingu barna sé þegar markmiðið er að leita að hæfileikum þá finnist oft líkamlegur þroski. Það að velja í A og B lið eða þá bestu saman fæli aðra sem ekki komast í þessi lið úr íþróttinni. Í sumum tilfellum er hætta á að missa úr einstaklinga sem lenda undir vegna þess að þeir hafa ekki nægjanlegan líkamlegan styrk á ákveðnum aldri. Þessir einstaklingar gætu samt sem áður náð langt því það að sýna yfirburði sem barn og unglingur er ekki ávísun á að ná langt þegar fullum þroska hefur verið náð (Peterson, 2004).

KSÍ hefur ekki gefið út nein viðmið hvað varðar getuskiptingu. Það er í höndum aðildarfélaganna að útfæra sínar stefnur hvað það varðar. Aðildarfélögin eiga hins vegar að starfa innan ramma stefnuyfirlýsingar KSÍ en þar er lögð áhersla á að allir iðkendur 8 ára og yngri fái tækifæri til að vera með og allir hljóti sömu viðurkenningar fyrir þátttöku. Á aldursbilinu 9 til 12 ára er lagt til að öll börn fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við

þroska og getu. Jafnframt eiga allir að fá tækifæri til að vera með óháð getu. Við kynþroskaaldur, 13 til 16 ára, gildir það sama, eiga allir að fá tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu. Aðildarfélögin eru hvött til að skapa tækifæri fyrir iðkendur til að stunda knattspyrnu sem keppnisþrótt annars vegar og líkamsrækt hinsvegar (KSÍ, án ártals). Þrátt fyrir að hafa ekki gefið út ákveðna stefnu hvað varðar getuskiptingu annað en að öll börn eigi að fá tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu þá hafa síðustu tveir fræðslustjórar KSÍ talað fyrir getuskiptingu opinberlega. Fyrst Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri KSÍ á árunum 2002 til 2012, hann flutti erindi á fræðslufundi ÍSÍ þann 13. desember 2012. Í þessu erindi hélt hann því fram að getuskipting barna snúist um að allir fái verkefni við hæfi í æfingum og keppni og að þegar börn með mikla færni mæti ítrekað þeim sem með litla færni aukist hætta á brottfalli hjá þeim með litla færni og þátttaka þeirra í leiknum verði lítil (Sigurður Ragnar Eyjólfsson, 2012). Núverandi fræðslustjóri KSÍ, Arnar Bill Gunnarsson, hefur einnig talað fyrir getuskiptingu opinberlega meðal annars í viðtali við norska fréttamiðilinn Aftenposten. Samkvæmt Arnari þá er það þannig að ef tveir 7 ára gamlir einstaklingar mæta á æfingu og vilja æfa með vinum sínum óháð getu þá er þeim leyft það. Ef það er mikill getumunur á milli þeirra þá er reynt að útskýra fyrir foreldrum þeirra að til þess að þeir fái eitthvað út úr æfingunum þá verði þeir að æfa með iðkendum af svipaðri getu (Steffen, 2016).

Árið 2012 gaf Danska Knattspyrnusambandið (DBU) út ákveðna stefnumótun í knattspyrnuþjálfun undir heitinu - *viðhorf og aðgerðir - ný hugsun og leikfræði í barna- og unglingsþjálfun* (DBU, 2012). Þar er komið inn á kosti og galla getuskiptingar. Lagt er til að þeir getuminni fái að spreyta sig með þeim getumeiri og öfugt, jafnvel á milli árganga. Á skólavellinum fá yfirleitt allir að vera með, getumeiri sem og getuminni, og þegar leikurinn verður ójafn þá aðlaga krakkarnir sig og breyta liðum. DBU er á því að það að getuskipta alltaf sé jafnslæmt og og getuskipta ekki. Spurningin er því ekki annað hvort eða heldur hvenær og hvernig. DBU leggur til að hjá iðkendum 7 ára og yngri sé engin getuskipting og frá og með 8 ára aldri sé stigvaxandi getuskipting og notast við þumalputtaregluna 25-50-25, það er 25% með getuminni, 50% sama getustig og 25% með getumeiri. Frá 10 ára aldri er eðlilegra að skipta einstaklingum upp eftir getu og þroska. Það er hinsvegar tekið skýrt fram að þetta eru tillögur til félaganna en ekki reglur sem félögin þurfa að fara eftir.

Víða í Noregi eru félög með mörg lið í hverjum árgangi og þeir sem eru saman í liði eru oft úr saman hverfi, skóla eða eru vinir (Orri Erlingsson, 2011). Þegar iðkendur eru orðnir 12 til 13 ára er þeim bestu oft boðið að æfa saman. Dæmi um þetta er að hjá norska félaginu Brann þá er yngsta liðið þeirra U13 en fram að þeim aldri þá æfa flestir með sínum hverfisliðum (Smågutter 2016, 2016). Starfið í Brann er unnið í samræmi við stefnu Knattspyrnusambands Noregs og flokkast því undir afreksstarf sem oftast er síðan nefnt akademíustarf. Í Noregi og Svíþjóð eru yfirleitt tvær mögulegar leiðir í knattspyrnuíðkun. Annars vegar grasrótastarf og hinsvegar akademíustarf, sjá mynd 2.



Mynd 2. Tvær leiðir í knattspyrnuíðkun (aðlagð frá Norges Fotballforbund , 2013)

Það er ómögulegt að spá fyrir um hvernig einstaklingar sem ekki eru orðnir fullþroska vegnar á fullorðinsárum og það eru jafnmiklar líkur á því að einstaklingur nái langt hvort sem hann er fæddur í desember eða janúar. Það er því mikilvægt að finna leiðir til að þróa hæfileika og gefa einstaklingum tíma til að þroskast í stað þess að leggja áherslu á að finna næsta bráðþroska hæfileikaríka einstaklinginn (Peterson, 2004).

Síðustu tvo áratugi hefur þróunin í íþróttum barna verið á þá leið að í stað þess að börn fullnægi hreyfipörf sinni í frjálsum leik þá hafa markvissar æfingar undir stjórn foreldra eða þjálfara tekið við (Feeley, Agel og LaPrade, 2015). Það að börn séu dugleg að leggja stund á íþróttir utan hefðbundinna æfinga er mikilvægt til að ná árangri eins og kom fram í rannsókn á 328 16 ára gömlum afreksknattspyrnumönnum. Þeir voru að meðaltali 5 ára þegar þeir byrjuðu að æfa knattspyrnu. Fram að 11 ára aldri eyddu þeir jafnmiklum tíma við skipulagðar knattspyrnuæfingar og því að leika sér í knattspyrnu í frístundum sínum eða 186 klukkutímum á ári. Frá 11 ára aldri fór æfingamagnið í 414 klukkustundir í skipulagðar æfingar og knattspyrna í frístundum niður í 160 klukkustundir á ári (Ford, Ward og Hugdes N, 2009). Of mikil sérhæfing fyrir kynþroskaaldur getur aukið lýkur á meiðslum, andlegri vanlíðan og brottfalli. Fyrir langflestar íþróttagreinar eru ekki vísbendingar um að mikið æfingaálag og sérhæfing fyrir kynþroskaaldur sé nauðsynlegt til að ná þeim árangri að verða afreksíþróttafólk. (Neeru Jayanthi, Pinkham, Dugas, Patrick og LaBella, 2012)

2.5 Þróun knattspyrnumála á Íslandi síðustu ár

Uppbygging og umgjörð knattspyrna á Íslandi hefur breyst mikið á síðustu 20 til 30 árum. Í dag eru flest félag með byrjendaflokka þar sem krökkum á leikskólaaldri gefst tækifæri til þess að æfa knattspyrnu reglulega yfir árið. Í ævisögu Guðna Bergssonar, atvinnumanns og landsliðsmanns til margra ára, kemur hann inn á það að hann hafi mætt á sína fyrstu æfingu níu ára gamall (Þorsteinn J, 2005).

Það voru ákveðin þáttaskil í íslenskri knattspyrnusögu árið 2000 þegar fyrsta yfirbyggða knattspyrnuhöllin reis. Um var að ræða yfirbyggðan gervigrasvöll í löglegri keppnisstærð í Reykjanesbæ. Í dag eru knattspyrnuhallirnar orðnar sjö í fullri stærð ásamt því að reist hafa verið minni æfingahús í Hafnarfirði, Grindavík, Vestmannaeyjum, Hveragerði og á Höfn. Árið 2002 voru aðeins tveir gervigrasvellir í Reykjavík en í dag er gervigrasvöllur við félagssvæði nánast allra félagsliða á höfuðborgarsvæðinu (Elvar Friðriksson og William Geir Þorsteinsson, 2007).

Á árunum 2004 til 2006 stóð KSÍ fyrir sparkvallaátaki í samstarfi við nokkur íslensk fyrirtæki og evrópska knattspyrnusambandið (UEFA). Átakið fólst í því að setja upp 64 sparkvelli víðsvegar um landið (KSÍ, án dags.).

Í viðtali fréttamiðilsins Aftenposten í Noregi við Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóra KSÍ kemur fram að flestöll félagslið á Íslandi starfi eftir svipaðri stefnu þar sem lagt er upp með það að allir fá sömu þjónustu, aðstöðu og þjálfun (Steffen, 2016). Arnar kemur einnig inn á það að knattspyrnuhverfið á Íslandi er þannig að öll félög eru áhugamannafélög, iðkendur æfa með liðinu í sínu hverfi og æfa með því líklega þangað til þeir eru orðnir 19 ára gamlir óháð getu. Það er ekki fyrr en í meistaraflokki að einhverjir fá greitt fyrir að spila en ekkert félagslið á Íslandi er eingöngu atvinnumannalið.

Margir erlendir blaðamenn hafa klórað sér í hausnum yfir því hvernig það sé hægt að vera með svona hæfa og menntaða þjálfara á yngstu iðkendunum á Íslandi. Á hinum Norðurlöndunum sjá foreldrar oftast um þjálfunina hjá þessum aldurshóp. Samkvæmt reglum KSÍ þá þarf sá þjálfari sem er ábyrgur fyrir þjálfun á iðkendum sem eru eldri en 12 ára að hafa UEFA B þjálfaragráðu. Þeir þjálfarar sem eru ábyrgir fyrir þjálfun iðkenda sem eru yngri en 12 ára þurfa að minnsta kosti að hafa lokið við KSÍ 2 þjálfaragráðu (KSÍ, 2015). Það skiptir ekki máli hversu gamlir iðkendurnir eru eða hversu góður allir eiga að hafa menntaðan þjálfara. Ein helsta ástæðan fyrir því að það er hægt er sú að sveitarfélögin eiga mikið af aðstöðu til íþróttaiðkunar sem þeir leyfa íþróttafélögunum að nota að mestu leyti gjaldfrjálst. Í stað þess að íþróttafélögin fjármagni slíka aðstöðu eða leigi þá geta þau frekar nýtt þá fjármuni sem þeim áskotnast til þess að ráða hæfa þjálfara (Steffen, 2016).

2.6 Faglegar áherslur knattspyrnusambandanna fyrir knattspyrnuþjálfun hjá iðkendum tólf ára og yngri

2.6.1 Knattspyrnusamband Noregs (NFF)

Norska knattspyrnusambandið (NFF) setti fram aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2016 til 2019. Áætlunin snýr að því að veita knattspyrnufélögunum aðhald og ef þau uppfylla ákveðin skilyrði geta þau sótt um að verða Gæðafélag innan knattspyrnusambandsins. Gæðafélögin þurfa að starfa eftir ákveðni sýn NFF með áherslu á fótboltagleði, tækifæri og áskoranir fyrir alla. Í Noregi er knattspyrna spiluð um allt landið og á öllum aldri. Markmið NFF er að vinna að því að tryggja að starfsemi hjá félögum innan sambandsins sé sem best. Áhersla á að vera að gefa eins mörgum börnum tækifæri eins og hægt er, að iðkendur æfi sem lengst og eigi möguleika að ná sem mestum framförum (NFF, án ártals).

Samkvæmt NFF á knattspyrnuþjálfun 12 ára og yngri að einkennast af:

- Öruggrí félagslegri umgjörð.
- Heiðarleika.
- Tækifæri til að öðlast góða reynslu og leikni.
- Þjálfunin á að vera skipulögð og framkvæmd af fullorðnum einstaklingi.
- Starfsemin á að vera unnin í samstarfi við NFF og skólakerfið.

Höfuðáhersla NFF til sinna aðildarfélögum á að vera á:

- Að tryggja að starfsemin einkennist af hæfni og gæðum.
- Tryggja að einstaklingar hafa tækifæri til að bæta sig í sínu nærumhverfi.
- Að fá fleiri stúlkur til að stunda knattspyrnu.

Til að tryggja að þessar áherslur verði að veruleika þá hefur NFF sett fram ákveðin forgangsverkefni og leiðir að þeim sem eru:

NFF leggur áherslu á að auka þekkingu og kunnáttu hjá þjálfurum með því að:

- Þróa áfram grunnþjálfaranámskeið (NFF C) með aðstoð tölvutækninnar.
- Skipuleggja og aðlaga starfið þannig að afreksknattspyrnumenn, nemendur í framhalds- og háskólum geti komið að þjálfun barna.
- Auka gæði á þjálfaranámskeiðum.
- Þróa þjálfaranámskeiðin þannig að félögin sjálf geti haldið C-námskeið fyrir sína þjálfara og þjálfara í nágrannafélögum.
- Þróa áfram þjálfun og æfingar.
- Koma upp áætlun hjá félögum sem styður við þjálfaramenntun.

Félögin séu leiðandi:

- Tryggja og skilgreina lykilhlutverk.
- Gera markvissar áætlanir í tengslum við að fá nýja iðkendur og tímasetningar varðandi það.
- Fylgja reglum og leiðbeiningum NFF varðandi gildismat.

Að þjálfunin henti öllum:

- Koma á fót og tryggja íþróttáætlun hjá félögunum.
- Að skipulag félaganna sé þannig að það henti fyrir knattspyrnuþjálfun sem og aðrar íþróttir.
- Þróa áfram mótafyrirkomulag í knattspyrnu barna sem stuðli að jafnræði og að allir sitji við sama borð.
- Þróa nýjungar í þjálfun.
- Ýta undir að félögin skipuleggi sitt starf í hverjum árgangi og einnig blandi saman árgöngum.
- Auka áhuga iðkenda á markmannsstöðunni.

Auka fjölda stúlkna sem stunda knattspyrnu:

- Félögin eiga að vera með aðgerðaáætlun þar sem áhersla er lögð á að fá fleiri stúlkur í knattspyrnu.
- Skipulag félaganna á að vera þannig að stúlkur af erlendum uppruna geta tekið þátt.
- Stelpur og strákar hafi sömu möguleika.
- Að nota aðgerðir og niðurstöður frá verkefnum sem hafa verið framkvæmdar á landsvísu (NFF, án ártals).

2.6.2 Knattspyrnusamband Svíþjóðar (SvFF)

Sænska knattspyrnusambandið (SvFF) hefur einnig gefið út handbók, *Fótbolti, spila, leika og læra*, hvað varðar stefnur í yngra flokka þjálfun. Tilgangurinn með handbókinni er að hjálpa aðildarfélögum knattspyrnusambandsins og útbúa lifandi og ötula stefnu varðandi yngri flokka starf félaganna (SvFF, 2014).

Samkvæmt SvFF á knattspyrnuíðkun barna og unglunga að taka mið að því að:

- Allir fái tækifæri til að spila knattspyrnu.
- Það sé lögð áhersla og á gleði, reynslu og vináttu.
- Einstaklingar fái tækifæri til að þróast persónulega og íþróttalega á eigin forsendum.
- Einstaklingar fái tækifæri til að þróa ævilangan áhuga á fótbolta.

Aðaláherslan er lögð á að börn séu á sínum eigin forsendum með áherslu á gleði, reynslu og lærdóm. Börn eiga að fá tækifæri að reyna sig í mismunandi leikstöðum og hlutverkum. Einnig þarf að gefa einstaklingum kost á því að þróast líkamlega, sálrænt og félagslega á sínum hraða. Einstaklingurinn á alltaf að vera miðpunkturinn í starfinu en einnig þarf hann að læra að vera hluti af hóp. Forðast skal að meta og bera saman börn og ungmenni. Áhugi og metnaður fer eftir þroska, bakgrunni og fyrri reynslu og getur breyst fljótt. Út frá þessum áherslum voru sett fram eftirfarandi viðmið:

- Börn og unglingar séu meðvituð um eigið nám og fái tækifæri til að taka þátt í mótun þess.
- Virkja foreldra og forráðamenn til að styðja og hvetja alla og skapa þar með jákvætt umhverfi.
- Knattspyrnusambandið hvetur til samvinnu knattspyrnufélaga og skóla.
- Það að æfa knattspyrnu kenni einstaklingum félagslega færni, siðferðislega afstöðu og háttvísi.
- Allir geti tekið þátt jafnvel þótt þeir séu ekki á sama getustigi, forðast val og útilokun.
- Fjöldi æfinga skuli vera að minnsta kosti tvisvar sinnum fleiri en leikir.
- Gera ráð fyrir að ein aðalástæðan fyrir því að börn byrja að æfa knattspyrnu er að vinirnir eru að æfa.
- Árangur og framfarir skipta meira máli en úrslit leikja og að leikurinn eigi að vera jákvæð upplifun og veita námstækifæri.

Áherslur á æfingum og leikjum eru mismunandi eftir aldri og hér fyrir neðan koma helstu áherslur SvFF fyrir aldurinn 6 til 12 ára:

6 til 7 ára

- Áhersla á að æfingar og leikir séu skemmtilegir. Leikir skuli vera spilaðir innan félags þar sem það er hægt.

8 til 9 ára

- Byrjað að spila á milli félaga og leikir skipulagðir af viðkomandi sérsambandi hjá hverju sveitarfélagi.
- Allir sem mæta í leik fá að spila.
- Enginn sigurvegari í mótum og engin úrslit skráð.

- Mót skipulögð sem dagsmót með tveimur til fjórum leikjum á lið og án þess að skrá úrslit.
- Allir þjálfarar sem þjálfra iðkendum frá 5 ára til 9 ára eiga að vera með C - þjálfaragráðu.

10 til 12 ára

- Allir sem mæta í leik fá að spila.
- Enginn sigurvegari í mótum og engin úrslit skráð.
- Starfsemi félaga á að fara fram í viðkomandi sveitarfélagi og heyra undir sérsamband þar.
- Mót eiga helst að fara fram innan sveitarfélagsins og sérstakt samþykki þarf frá sérsambandi sveitarfélags til að fá undirþágu til þess að taka þátt í mótum utan sveitarfélagsins.
- Allir sem þjálfra iðkendum 10 til 12 ára eiga að vera með C- þjálfaragráðu (SvFF, 2014).

2.6.3 Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ)

Stefnuyfirlýsing KSÍ um þjálfun barna og unglunga hefur verið óbreytt undanfarin ár. Samkvæmt henni skulu félögin hafa það að leiðarljósi að knattspyrnuíðkun sé þroskandi líkamlega, félagslega og sálrænt en með því er hægt að skapa aðstæður fyrir fleiri börn og unglunga til að njóta sín innan starfsins. Með skipulagðri og markvissri þjálfun barna og unglunga geta skapast aðstæður sem gera þeim kleift að verða afreksmenn þegar þeir hafa mestann líkamlegan og sálræna hæfileika. Hins vegar verður að gera ráð fyrir því að ekki hentar öllum að velja afreksmennsku og því er mikilvægt að allir fái tækifæri að stunda knattspyrnu við sitt hæfi (KSÍ, án ártals).

Hugsunin með stefnuyfirlýsingu KSÍ er að marka aðildarfélögum þess ramma til að vinna eftir í sinni þjálfun og að það sé stefna knattspyrnuhreyfingarinnar að skapa þannig aðstæður svo að öll börn og unglingar fái að njóta sín. Helstu markmið, leiðir og viðmið varðandi verðlaun og viðurkenningar eru:

8 ára og yngri

- Auka hreyfiþroska.
- Fyrstu kynni af knattspyrnu verði jákvæð.
- Æfingarnar séu fjölbættar og stuðli að bættum hreyfiþroska. Hér er átt við æfingar sem örva hinar ýmsu skynstöðvar og unnið sé með grófhreyfingar og fínhreyfingar.

- Þjálfun fari fram í leikformi.
- Æfingar séu skemmtilegar.
- Leikið verði í 4 og 6 manna liðum.
- Keppni í þessum flokki á ekki að vera markmið í sjálfu sér. Sé keppni viðhöfð skal hún fara fram á félagsmótum og mótum þar sem lið úr nágrennafélögum keppa.
- Leikur og leikgleði ráði ríkjum í keppni.
- Mikil áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með, að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku og að allir fái sömu viðurkenningar fyrir þátttöku.

9 til 12 ára

- Aðaláherslan sé á þjálfun tæknilegrar færni.
- Kynna einföld leikfræðileg atriði.
- Þjálfun feli í sér þol, kraft og liðleikaæfingar.
- Að vekja knattspyrnuáhuga fyrir lífstíð.
- Að æfingarnar séu fjölbættar og skemmtilegar.
- Börn séu hvött til að kynna sér og reyna sem flestar íþróttagreinar.
- Háttvísi og íþróttamannsleg framkoma sé kennd.
- Öll börn fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu.
- Leikið verði í 7 manna liðum.
- Fyrir 9 og 10 ára skal keppni fara fram á félagsmótum sem og á héraðs- og landhlutavísu. Áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu og allir fái sömu viðurkenningu fyrir þátttöku.
- Fyrir 11 og 12 ára skal keppni fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landvísu. Áhersla skal lögð á að fái tækifæri til að vera með óháð getu. Lið vinna til verðlauna (KSÍ, án ártals).

Samhljómur er hjá knattspyrnusamböndunum þremur að höfuðáherslan er að gefa öllum börnum tækifæri á að stunda knattspyrnu sem lengst. Norska knattspyrnusambandið og sænska knattspyrnusambandið hvetja félögin til samvinnu við skólana og í Noregi eru félögin hvött til að fá afreksknattspyrnufólk, menntaskóla- og háskólanema til að koma að þjálfun hjá

félögunum. Í Noregi er áhersla á að félögin finni leiðir til að fjölga stúlkum. Mótafyrirkomulag í Noregi á að stuðla að jafnræði og allir sitji við sama borð. Í Svíþjóð er lögð áhersla að allir sem mæta í leik fái að spila og engin úrslit eru skráð hjá 12 ára og yngri. Á Íslandi er keppt til verðlauna á mótum á vegum KSÍ frá 11 ára aldri. NFF leggur áherslu á að knattspyrnufélögin vinni eftir áherslum sambandsins og er með ákveðið gæðakerfi gangi en KSÍ og SvFF virðast ekki skipta sér mikið af áherslum félaganna.

2.7 Markmið og rannsóknarspurningar

Markmiðið með þessu verkefni var að sjá hvernig staðið er að yngri flokka þjálfun félagsliða á Íslandi Noregi og Svíþjóð og að sjá hvort einhverjir þættir í starfinu séu einkennandi eftir löndum. Mikilvægt var að fá upplýst hvernig staðan er í dag hjá félögunum óháð því hvað mætti betur fara og að geta bent á leiðir til að bæta starfið enn frekar. Lögð var áhersla á að skoða það umhverfi sem félögin eru í og hversu mótandi það er fyrir starfið.

Út frá þessari nálgun voru settar fram eftirfarandi rannsóknarspurningar:

- Spurning 1:** Hvenær byrja börn á Íslandi, Noregi og Svíþjóð að æfa markvisst knattspyrnu og hversu oft í viku æfa þau?
- Spurning 2:** Hvenær hefst getuskipting hjá félögum á Íslandi, Noregi og Svíþjóð?
- Spurning 3:** Hvernig er menntun þjálfara sem koma að þjálfun barna á Íslandi, Noreg og Svíþjóð og fá þjálfarar greitt fyrir vinnu sína?
- Spurning 4.** Við hvaða aðstæður æfa börn knattspyrnu á Íslandi, Noregi og Svíþjóð og hvernig er stuðningur sveitarfélaga og knattspyrnusambandanna í þessum löndum?
- Spurning 5.** Hvaða næstu skref í knattspyrnuþjálfun þurfa að eiga sér stað á næstu árum?

3 Aðferðir

3.1 Rannsóknaraðferð

Gögnum var aflað með eiginlegum viðtölum og stöðluðum spurningalistum. Tekin voru viðtöl við þrjá einstaklinga sem allir voru starfandi sem yfirþjálfarar hjá sínum félagsliðum. Viðtölin byggðust upp á hálfopnum spurningum þar sem viðmælendur voru beðnir um að svara spurningum sem snúa að yngri flokka starfi félagsins ásamt því að leita eftir reynslu, upplifun og skoðunum viðmælenda. Við framkvæmd viðtalanna var notast við viðtalsramma (sjá viðauka A) sem byggðist upp á þeirri þekkingu sem varð til við vinnu á fræðilega hlutanum. Fyrir viðtölin var sendur út staðlaður spurningalisti til félaganna sem snéri að þáttum eins og fjölda iðkenda, fjöldi æfinga, upplýsingar um æfingagjöld, aðkomu sveitafélaganna og svo framvegis (viðauki B).

3.2 Framkvæmd

Vinna við fræðilegan grunn rannsóknarinnar hófst á haustmánuðum 2016 og þar var lagður grunnur að framkvæmd rannsóknar- og verkáætlunar. Í desember var unnið að því að finna félög sem myndu gefa góða mynd af knattspyrnustarfsemi í hverju landi fyrir sig. Í framhaldi af því var viðtalsrammi mótaður. Leitast var við að finna félög sem væru öll með mikinn fjölda iðkenda. Rannsakandi setti sig í samband við viðmælendur og tryggði að þeir gætu hitt rannsakanda. Val á viðmælendum byggðist á því að þeir gætu gefið góða heildarmynd af starfinu innan síns félags og þekktu vel til umhverfis þess. Allir viðmælendur höfðu starfað hjá viðkomandi félagi í nokkur ár og gátu því gefið góða mynd af starfinu. Viðmælendur veittu skriflegt leyfi fyrir viðtölunum (viðauki C). Höfundur fór og hitti viðmælendur og voru viðtölin tekin upp með hljóðupptökutæki. Viðtölin voru tekin í mars 2017 og tóku á bilinu 40 til 60 mínútur. Eins og fram hefur komið var einnig sendur staðlaður spurningalisti til þessarra aðila áður en viðtölin fóru fram til að nálgast upplýsingar varðandi starfsemi félagsins (viðauki B).

3.3 Þátttakendur

Viðmælandi 1 - Yfirþjálfari yngri flokka hjá íslensku félagsliði.

Viðmælandi er Íslendingur og er menntaður grunnskólakennari og er með UEFA A þjálfaragráðu. Hann hefur þjálfað hjá félaginu í 20 ár, lengst af yngstu iðkendur félagsins. Í dag þjálfar hann unglingaflokk drengja ásamt því að vera yfirþjálfari.

Viðmælandi 2 - Yfirþjálfari hjá norsku félagsliði.

Viðmælandi er Norðmaður og hefur starfað sem yfirþjálfari hjá félaginu síðan í nóvember 2014. Hann er kennari að mennt og hefur lokið UEFA A þjálfaragráðu.

Viðmælandi 3 - Yfirmaður knattspyrnuakademíu hjá sænsku félagsliði.

Viðmælandi er Svíi og hefur starfað sem þjálfari hjá félaginu frá 2010. Fyrst sem aðstoðaðþjálfari hjá U-17 ásamt því að sjá um einstaklingsþjálfun og að þjálfar í akademíu félagsins. Síðan þá hefur hann þjálfað U-14, U-15 og U-17. Í dag er hann framkvæmdastjóri yfir akademíu félagsins.

3.4 Félögin

Félag 1 (Ísland)

Ísland er 103.000 ferkílómetrar að flatarmáli og er eyja í Atlantshafinu (CIA, 2016). Íbúatala Íslands þann 2. nóvember 2016 var 337.610 manns og á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 64% af heildarmannfjölda landsins eða 216.300 manns (Hagstofa Íslands, 2016). Höfuðborg landsins er Reykjavík sem jafnframt er stærsta sveitarfélag landsins. Kópavogur er næststærsta sveitarfélag landsins með tæplega 31.000 íbúa (Kópavogsbær, 2016a). Í Kópavogi ríkir öflugt íþróttastarf sem bærinn hefur stutt dyggilega við og þar hefur verið mikil áhersla á uppbyggingu íþróttamannvirkja. Í bænum eru tvær fjölnota íþróttahallir, Fífan og Kórinn, með löglegum knattspyrnuvöllum (Kópavogsbær, 2016c). Félagið sem tekið er fyrir í rannsókninni er annað af tveimur knattspyrnufélögum í Kópavogi.

Félag 2 (Noregur)

Noregur er 323.802 ferkílómetrar að flatarmáli og á landamæri að Finnlandi, Svíþjóð og Rússlandi (CIA, 2016). Íbúatala Noregs þann 1. október 2016 var 5.252.166 (Norway, 2016). Stærstu borgir landsins eru Osló, Bergen og Þrándheimur. Noregur skiptist í 18 fylki og borgin Bergen er í Hördalandsfylki sem er í vestur Noregi. Í Bergen er eitt atvinnumannalið, Brann, og hefur það unnið Noregstitilinn þrisvar sinnum. Það eru hinsvegar 200 félög í Hördalandsfylki og er knattspyrnusamband fylkisins þriðja stærsta sambandið innan norska Knattspyrnusambandsins (Orri Erlingsson, 2011). Brann endaði í 2. sæti í efstu deild tímabilið 2016 (BBC, 2016). Íbúafjöldi Bergen er tæplega er um 280.000 manns og skiptist borgin í átta hverfi. Í einu af þessum átta hverfum er félagið sem tekið er fyrir í rannsókninni og þar búa rúmlega 42.000 íbúar (Kommune, 2017).

Félag 3 (Svíþjóð)

Svíþjóð er 447.435 ferkílómetrar að flatarmáli og á landamæri að Finnlandi og Noregi. Íbúatala Svíþjóðar í október 2016 var 9.967.274 (Statistic Sweden, 2016). Höfuðborg Svíþjóðar heitir Stokkhólmur. Borgin er talin vera sú borg í Evrópu sem fólksfjölgun verður einna mest á komandi árum (Maddy, 2015). Íbúafjöldi Stokkhólmsvæðisins er rúmlega ein og hálf milljón manns. Stokkhólmur skiptist í 14 hverfi. Í einu af þessum hverfum er félagið sem tekið er fyrir í rannsókninni og er það hverfi með rúmlega um 80.000 íbúa (UrbiStat, 2015).

3.5 Gagnaöflun, úrvinnsla og greining gagna

Spurningalistar (viðauki B) voru sendir til félaganna í febrúar og viðtölin voru tekin á tímabilinu 8. til 17. mars. Viðtölin voru skrifuð orðrétt upp í tölvuforritinu Microsoft Word og greind eftir eigindlegum rannsóknaraðferðum í þemu. Staðlaðar upplýsingar um starf félaganna fengust með svörum úr spurningalista sem var sendur á yfirþjálfara félaganna í tölvupósti.

4 Niðurstöður og umræður

Í eftirfarandi kafla verður farið yfir niðurstöður viðtalanna og spurningalistanna. Eftir hvern undirkafla í niðurstöðukaflanum kemur umræðukafla. Öll viðtalsgögn voru greind og flokkuð þannig að hægt væri að svara þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram. Niðurstöðunum er lýst eins og þær komu fram í spurningalistunum og viðtölunum. Fyrsti undirkaflinn snýr að almennri lýsingu á starfi félaganna. Það gert til þess að fá innsýn í áherslur og það umhverfi sem félögin búa við.

4.1 Almenn lýsing á starfi félaganna

Félag 1 (Ísland)

Félagið sem var tekið fyrir í þessu verkefni var stofnað árið 1950 og er fjölgreinafélag. Knattspyrna er ein af þessum greinum. Iðkendur 12 ára og yngri sem æfa knattspyrnu eru alls um 900 hjá félaginu. Að mati viðmælanda er félagið dæmigert fyrir önnur íslensk knattspyrnufélög að mestu leyti. Félagið er stækkuð mynd af öðrum félögum á Íslandi. Helstu munurinn er mögulega sá að flestar æfingarnar eru í formi stöðva en ekki þannig að einn þjálfari sé með sinn hóp alla æfinguna. Hjá félaginu þarf að sinna mörgum iðkendum á stuttum tíma og þannig er það hjá flestum stórum félögum á landinu. Viðmælandi hafði áhyggjur af því að svona mikill fjöldi iðkenda gæti komið niður á gæðum æfinga. Félagið væri nokkuð vel mannað hvað varðar þjálfara eins og flest önnur íslensk félög. Margir þjálfarar félagsins væru uppeldismenntaðir. Það sem væri frábrugðið öðrum félögum væri aðallega stærðin og þá þarf stöðugt að vera að leita nýrra leiða og mögulega er félagið í fararbroddi í að prófa nýja hluti sem sumir ganga upp en aðrir ekki.

Félag 2 (Noregur)

Félagið sem tekið var fyrir í rannsókninni er fjölgreinafélag og alls eru tíu íþróttagreinar stundaðar hjá félaginu. Knattspyrna er ein af þessum greinum. Árið 2015 fékk félagið vottun fyrir því að hafa staðist mat til að mega flokkast sem gæðafélag Knattspyrnusambands Noregs. Til að öðlast þessa vottun, sem er fyrsta skrefið í ákveðnu ferli hjá Knattspyrnusambandinu, þurfa félög að standast ákveðið gæðaeftirlit. Félagið var fyrsta félagið í sínu fylki til að öðlast þessa vottun. Um 700 krakkar, 12 ára og yngri, æfa knattspyrnu hjá félaginu. Hægt er að byrja að æfa hjá félaginu í kringum 4 ára aldur en flestir byrja í kringum 6 ára aldur. Norska félagið er á ákveðinn hátt dæmigert norskt knattspyrnufélag þó að uppbygging sé aðeins meira þróuð en hjá mörgum félögum í Noregi. Félagið er að móta sér stefnu um hvernig þjálfunin og starfið eigi að vera uppbyggt á meðan mörg önnur félög gefa foreldrum lausan tauminn. Viðmælandi taldi að félagið hefði tekið eitt skref fram á við en það megi alltaf gera betur. Þau sérkenni sem greina félagið helst frá öðrum félögum eru að það eru í boði margar æfingar fyrir iðkendur bæði í gegnum akademíuna fyrir 10 ára og eldri og þegar æfingar verða í boði fyrir 6 til 9 ára strax eftir skóla en ætlunin er að byrja á því haustið 2017. Styrkur félagsins er einnig í fjölda iðkenda en félagið þykir nokkuð stórt.

Félag 3 (Svíþjóð)

Félagið var stofnað árið 1942 og var á tímabili fjölgreinafélag en í dag einbeitt félagið sér nær eingöngu að knattspyrnu og er með um 265 lið og er þar að leiðandi eitt stærsta knattspyrnufélag í Evrópu. Félagið er eitt af fáum félögum sem býður upp á bæði grasrótastarf þar sem allir eru velkomnir að æfa og akademíustarf fyrir iðkendur frá 7 ára aldri þar sem valdir eru þeir bestu til að æfa saman. Alls eru um 1.200 iðkendur 12 ára og yngri að æfa í grasrótastarfinu og 72 iðkendur í akademíustarfinu á sama aldri. Félagið hefur verið leiðandi fyrir önnur félög hvað varðar akademíustarf. Leikmenn sem eru í grasrótarliðum geta spilað þar til þeir verða 19 ára og dyrnar standa alltaf opnar í akademíuliðin ef leikmaður er nægilega góður. Viðmælandi taldi það vera jákvæð stefna hjá félaginu hversu snemma þeir byrja að velja þá bestu saman í akademíulið. Hann var á því að ef þeir myndu byrja 12 ára eða jafnvel 15 ára eins og Knattspyrnusamband Svíþjóðar leggur til þá myndi það skapa mörg

vandamál. Þá væru foreldrar búnir að sjá um þjálfunina í langan tíma og þeir myndu hafa miklar skoðanar og vilja hafa áhrif á hvernig hlutirnir ættu að vera. Hann taldi að ef það er byrjað nógu snemma á því að velja úr iðkendur í afrekshópa þá hafi félagið meiri stjórn á hlutunum. Félagið er meðvitað um að þetta eru ekki stjórnuleikmenn þegar þeir eru 7 ára en þeir eigi möguleika að geta orðið stjórnur. Þó svo að það sé fjarlægur draumur á þessum aldri en þá sé mikilvægt að markviss þjálfun byrji snemma. Félagið er eitt af fáum liðum sem byggir starfsemi sína upp með þessum hætti og hefur félagið staðið framarlega í þeirri vinnu. Félagið hefur ekki bolmagn til að fá til sín bestu leikmennina þegar þeir eru 15 ára. Það er líka ákveðin hættu á því ef félagið myndi ekki byrja svona snemma með akademíulið þá myndi það missa alla sína bestu leikmenn. Þeir sem starfa hjá félaginu trúa því að þeir geti þróað og byggt upp leikmenn eftir kennsluáætlun og námskrá sem hefur félagið hefur lagt mikla vinnu í.

4.1.1 Samantekt

Í töflu 1 er samantekt á helstu atriðum sem viðmælendum fannst lýsa starfi félaganna.

Tafla 1. Samantekt á starfi félaganna.

Félag 1 (Ísland)	Félag 2 (Noregur)	Félag 3 (Svíþjóð)
<p>900 iðkendur 12 ára og yngri.</p> <p>Dæmigert fyrir önnur íslensk félög þar þjálfarar eru launaðir og menntaðir starfsmenn félagsins og öllum er boðið upp á sambærilega þjálfun óháð getu.</p> <p>Margir þjálfarar eru einnig kennarar og/eða uppeldismenntaðir.</p>	<p>700 iðkendur 12 ára og yngri.</p> <p>Dæmigert norskt knattspyrnufélag þar sem foreldrar sjá um þjálfunina.</p> <p>Uppbygging þjálfunar og eftirfylgni aðeins meira þróuð en hjá mörgum félögum í Noregi.</p> <p>Sérkenni sem greina félagið helst frá öðrum félögum er að það eru í boði margar æfingar fyrir iðkendur í gegnum akademíustarfið.</p>	<p>1200 iðkendur 12 ára og yngri.</p> <p>Félagið er eitt af fáum félögum sem býður upp á annars vegar grasrótarstarf þar sem allir eru velkomnir að æfa og foreldrar sjá um þjálfunina og hinsvegar akademíustarf fyrir iðkendur frá 7 ára aldri þar sem valdir eru þeir bestu til að æfa saman og menntaðir þjálfarar sjá um þjálfunina.</p>

4.1.2 Umræður

Félögin sem voru skoðuð í rannsókninni eru öll með gríðarlega fjölmenna yngri flokka. Nálgun félaganna á uppsetningu hópa er ólík og stafar það að miklu leyti af því hverjir fást til að þjálfra þessa iðkendur. Allir viðmælendur voru á því að það væri vel staðið að

knattspyrnuþjálfun en þeir voru jafnframt meðvitaðir um það að það mætti alltaf gera betur. Það að geta haldið tiltölulega mörgum börnum virkum og ánægðum væri aðalmálið. Að starfið gengi vel upp, allir fái næg tækifæri, enginn sé skilinn eftir og allir fái að æfa og taki þátt í keppni. Ef þessir grunnþættir eru í lagi þá er margt unnið. Þetta er takt við áherslur knattspyrnusambandanna. Knattspyrnusamband Noregs leggur áherslu á að gefa eins mörgum börnum tækifæri eins og hægt er, að iðkendur æfi sem lengst og eiga möguleika að ná sem mestum framförum (NFF, 2013). Knattspyrnusamband Svíþjóðar leggur mikla áherslu á að börn séu á sínum forsendum að æfa knattspyrnu með áherslu á gleði, reynslu og lærdóm (SvFF, 2014). Stefna Knattspyrnusambands Íslands leggur áherslu að aðildarfélög sín skapi þannig aðstæður að öll börn og unglingar fái að njóta sín (KSÍ, án ártals).

4.2 Aldur barna sem byrja að æfa markvisst knattspyrnu á Íslandi, Noregi og Svíþjóð og fjöldi æfinga

Á Íslandi geta börn byrjað í kringum 3 ára aldur að æfa knattspyrnu og allir geta æft þangað til þeir eru orðnir 19 ára. Ekki eru nein takmörk fyrir því hvað margir geta æft hjá félögunum á Íslandi. Hjá mörgum félögum hefur iðkendum fjölgað mikið síðustu ár og sem dæmi um það þá er fjöldi iðkenda í fjölmennustu flokkunum hjá íslenska félagsliðinu 80 til 100 iðkendur í árgangi. Viðmælandi íslenska félagsins hafði áhyggjur af því að það þurfi að setja einhver takmörk fyrir hvað félagið getur þjónustað marga og snýr það aðallega að því hve erfitt getur verið að fá þjálfara til að halda utan um svona stóra hópa. Hann nefndi að hvergi nema á Íslandi séu svona margir iðkendur að æfa á sama tíma.

Í Noregi geta börn byrjað kringum 4 ára aldur að æfa knattspyrnu en flestir byrja í kringum 6 ára aldur. Það hefur ekki þurft að huga að takmörkunum hvað varðar iðkendafjölda. Starfið ræðst að miklu leyti af skólunum sem félagið þjónustar og ef einhver iðkandi vill æfa hjá félaginu sem er utan þess þjónustusvæðis sem félagið sinnir þá þarf að athuga hvort það sé laust pláss og hvaða hópur hentar best fyrir viðkomandi.

Í Svíþjóð geta börn byrjað að æfa reglulega knattspyrnu yfir allt árið þegar þau eru í kringum 6 ára aldur. Börn geta byrjað að æfa hvenær sem er en það er að vísu háð því hvort það sé laust pláss í hópnum sem þau tilheyra. Í einhverjum tilfellum þurfa einstaklingar að bíða fram á næsta tímabil til að komast að og ef margir úr sama hverfi vilja byrja að æfa þá er kannað hvort það sé grundvöllur til að búa til nýtt lið.

Í töflu 2 er sýndur samanburður á tímabilaskiptingu og í töflum 3 til 6 er tekinn saman fjöldi æfinga og leikja eftir aldri iðkenda.

Tafla 2. Tímabilaskipting hjá iðkendum 12 ára og yngri.

Ísland	Nýtt tímabil á Íslandi byrjar oftast í byrjun september í samræmi við nýtt skólaár. Tímabilinu lýkur svo í upp úr miðjum ágúst eða þegar skólarnir byrja aftur eftir sumarfrí.
Noregur	Í Noregi byrjar nýtt tímabil í janúar og lýkur svo í desember.
Svíþjóð	Í Svíþjóð byrjar tímabilið yfirleitt í nóvember og lýkur í október nema hjá þeim yngstu þá byrjar það í apríl og lýkur í nóvember.

Tafla 3. Fjöldi æfinga og keppni hjá iðkendum 6 ára og yngri.

Ísland	Iðkendur æfa einu sinni í viku og þá oftast á virkum degi. Þeim elstu er einnig boðið upp á æfingar um helgar þegar aðstæður leyfa. Keppt er á tveimur til þremur mótum yfir tímabilið.
Noregur	Ein æfing í viku, oftast á sunnudegi. Þessi aldurshópur keppir ekki.
Svíþjóð	Ein æfing í viku. Þessi aldurshópur keppir ekki.

Tafla 4. Fjöldi æfinga og keppni hjá iðkendum 7 til 8 ára.

Ísland	Yfir vetrartímamann eru 3 æfingar í viku og farið á nokkur dagsmót. Á sumrin er boðið upp á 4 æfingar í viku og farið á 2 dagsmót og eitt 3 daga mót.
Noregur	2 til 3 æfingar í viku og stuttir leikir einu sinni í mánuði í mótafyrirkomulagi þar sem keppt er við lið í nágrenninu.
Svíþjóð	Grasrótarliðin æfa tvisvar sinnum í viku og spila 2 til 3 leiki í mánuði. Akademíuliðin æfa þrisvar sinnum í viku og spila nánast í hverri viku.

Tafla 5. Fjöldi æfinga og keppni hjá iðkendum 9 til 10 ára.

Ísland	Yfir vetratímamann eru 3 æfingar ásamt því að fara á 3 til 5 dagsmót. Á sumrin er boðið upp á 4 æfingar í viku ásamt því að fara á 2 dagsmót og 1 mót sem stendur yfir í 3 daga.
Noregur	2 til 3 æfingar í viku og stuttir leikir í mótafyrirkomulagi þar sem keppt er við lið í nágrenninu tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði.
Svíþjóð	Grasrótarliðin æfa tvisvar sinnum í viku og spila 2 til 3 leiki í mánuði. Akademiúliðin æfa þrisvar sinnum í viku og spila nánast í hverri viku.

Tafla 6. Fjöldi æfinga og keppni hjá iðkendum 11 til 12 ára.

Ísland	Fram að jólum er æft þrisvar sinnum í viku og lítið um keppni. Eftir áramót er áfram æft þrisvar í viku og spilaðir um 2 leikir í hverjum mánuði fram í lok apríl ásamt því að taka þátt í einu helgarmóti. Á sumrin fjölga æfingunum í 4 og spilaðir 3 til 4 leikir í hverjum mánuði ásamt því að fara á þriggja daga mót.
Noregur	2 til 3 æfingar í viku þar sem ein æfing er með skólafélögnum og fer fram á velli á skólalóðinni. Aðrar æfingar fara fram á félagssvæði félagsins. Auk þessara æfinga stendur öllum iðkendum á þessum aldri til boða að vera í akademíu félagsins. Þær æfingar eru strax á eftir hefðbundnum skóla þrisvar sinnum í viku. Æfingaleikir eru spilaðir um helgar fram í apríl og þá tekur við keppnistímabil þar sem er spilað á þriðjudögum eða fimmtudögum.
Svíþjóð	Hjá grasrótarliðinum eru 2 til 3 æfingar í viku og spilaðir 2 til 3 leikir í mánuði. Akademiúliðin æfa 3 til 4 sinnum í viku og keppa nánast í hverri viku. Akademiúliðin fara einnig í lengri keppnisferðir til annarra Norðurlanda sem og landa á meginlandi Evrópu ásamt því að fá lið frá öðrum þjóðum í heimsókn til sín.

4.2.1 Samantekt

Íslensk börn byrja almennt fyrr að æfa en jafnaldrar þeirra í Svíþjóð og Noregi eða allt niður í 3 ára gömul. Í flestum tilfellum geta allir byrjað hvenær sem er yfir árið að æfa knattspyrnu í þessum þremur löndum. Í Noregi ræðst það af því hvort viðkomandi sé í því skólahverfi sem félagið sinnir, ef viðkomandi er ekki í hverfi sem félagið sinnir þá er ekki öruggt að það sé pláss. Í Svíþjóð geta einstaklingar lent í því að það sé fullt og þurfa því að bíða þar til næsta tímabil hefjist. Knattspyrna er nánast orðinn heilsársíþrótt í öllum þremur löndunum. Tímabilaskiptingin er þó mismunandi en það er æft nánast allt árið með stuttum fríum. Algengt er að fríin séu um tvær vikur í jólafrí, vikufrí um páska og sumarfrí í tvær vikur í júlí. Það er greinilegt að áhersla á keppni byrjar fyrr á Íslandi en hinum löndunum tveimur en á Íslandi eru krakkar á leikskólaaldri farnir að keppa reglulega yfir árið. Æfingamagn og spil hjá 6 ára og eldri er svipað í löndunum þremur en þó æfa íslensku krakkarnir oftast þrisvar sinnum í viku en jafnaldrar þeirra í Noregi og Svíþjóð. Hjá félaginu í Noregi geta krakkar á aldrinum 11 til 12 ára bætt við sig æfingum með því að vera í akademíu félagsins. Þar er þetta í boði fyrir alla sem vilja en akademían í Svíþjóð er aðeins fyrir útvalda á þessum aldri.

4.2.2 Umræður

Skiptar skoðanir eru á því hversu mikilvægt er að byrja snemma að iðka íþróttir. Í rannsókn frá árinu 1990 á fiðluleikurum kom í ljós að þeir sem höfðu náð þeim áfanga að verða afreksfiðluleikarar höfðu æft sig í 10.000 klukkustundir á meðan þeir sem höfðu ekki náð því að verða afreksfiðluleikarar æfðu sig í um 4.000 klukkustundir (N. Jayanthi, Pinkham, Dugas, Patrick og Labella, 2013). Í kjölfarið á þessari rannsókn hafa fræðimenn talað um 10.000 klukkustunda kenninguna, að það þurfi um 10.000 klukkustundir til að ná sérþekkingu í hverju sem er (Þórhallur Siggeirsson, 2014). Svo eru það aðrir fræðimenn sem halda því fram að það sé betra fyrir börn að vera í fjölbreyttri hreyfingu og að sérhæfing eigi að byrja eftir kynþroskaaldur (Viðar Halldórsson, 2005). Það virðist ekki skipta höfuðmáli hvort börn byrja að æfa 3 ára eða 6 ára hvað varðar möguleika þeirra til þess að ná langt í knattspyrnu en ef það að mæta á æfingu verður til þess að kveikja áhuga á íþróttum hjá börnum þá er það ákveðinn áfangi. Vissulega er þörf á því að einstaklingar fái fjölbreytta hreyfingu á sínum yngri árum og ef knattspyrnuæfingar geta komið til móts við hluta af þeirri hreyfingu þá hlýtur það að vera jákvætt. Samspil á milli skipulagðra æfinga og hins frjálsa leiks skiptir

einnig máli eins og kom ljós á rannsókn á 16 ára gömlum afreksknattspyrnumönnum sem fjallað var um í fræðilega hluta verkefnisins. Fram að 11 ára aldri eyddu þeir að meðaltali jafnmiklum tíma við skipulagðar knattspyrnuæfingar og að leika sér í knattspyrnu í frítíma sínum. (Ford o.fl., 2009). Í öllum félögum geta nýir iðkendur byrjað á hvaða aldri sem er fram yfir unglingsárin. Það er í takt við stefnur knattspyrnusambanda þjóðanna þriggja. Knattspyrnusamband Noregs leggur ríka áherslu á að gefa eins mörgum börnum og hægt er tækifæri á að æfa sem lengst og ná sem mestum framförum (NFF, 2013). Knattspyrnusamband Svíþjóðar vill að barna- og unglingastarf taki mið að því að allir fái tækifæri til að spila og æfa knattspyrnu (SvFF, 2014) og Knattspyrnusamband Íslands leggur áherslu á að allir fái tækifæri að stunda knattspyrnu við sitt hæfi (KSÍ, án ártals). Vissulega er það jákvætt að félögin standi ávallt opin fyrir nýjum iðkendum sérstaklega með tilliti þess hversu jákvæð áhrif íþróttaiðkun hefur á líkamlega og andlega vellíðan (Sigfúsdóttir o.fl., 2007) en það getur einnig skapað krefjandi aðstæður. Knattspyrna er hópíþrótt og til þess að ná árangri sem hópur getur verið gott að getustigið á einstaklingum innan hópsins sé svipað. Erfitt getur verið fyrir byrjendur að fóta sig með einstaklingum sem eru búnir að æfa saman í nokkur ár. Í Noregi og Svíþjóð taka við knattspyrnuakademíur þar sem valdir eru getumestu í einstaklingarnir, yfirleitt í kringum um 12 til 14 ára aldur, og þeir sem eru ekki valdir í þessar akademíur geta haldið áfram í grasrótariðunum. Á Íslandi er boðið upp á sömu þjónustu fyrir alla. Það er því spurning hvort það sé kominn tími á að bjóða upp á fleiri valkosti fyrir íslenska iðkendur og geta þannig komið til móts við ólíkar þarfir þeirra. Þetta á sérstaklega við iðkendur á unglingsaldri en ákveðin gagnrýni hefur verið á að á sama tíma og það er ætlast til af þjálfara að búa til afreksmenn þá eru þeir einnig að sinna byrjendum (Þórhallur Siggeirsson, 2014).

Á Íslandi æfa iðkendur, 6 til 12 ára, þrisvar sinnum í viku yfir vetrartímann. Hjá 9 ára og eldri bætist fjórða æfingin við yfir sumartímann. Í Noregi og Svíþjóð eru ýmist tvær til þrjár æfingar hjá félögum allt árið. Að vísu býður norska félagið upp á akademíustarf fyrir alla á aldrinum 10 til 12 ára en það kostar aukalega. Þessar tölur eru í samræmi við tölur úr samanburðarrannsókn Orra Erlingssonar frá árinu 2011 á æfingum 12 ára drengja á Íslandi og Noregi. Niðurstöður úr þeirri rannsókn sýndu að 80% íslensku félaganna sem tóku þátt í rannsókninni æfðu þrisvar sinnum yfir vetrartímann og fjórum sinnum yfir sumartímann á meðan tæp 70% norsku félaganna æfðu tvisvar sinnum í viku yfir vetrar- og sumartímann

(Orri Erlingsson, 2011). Íslensk félög virðast því í grunninn æfa oft en þau norsku og sænsku en svo er sumstaðar í boði aukaæfingar og akademíustarf sem gefa iðkendum tækifæri á að æfa meira. Rannsóknir hafa sýnt að fram að til 12 ára aldurs er það ekki alltaf fjöldi skipulagðra æfinga sem sker úr um hverjir ná langt. Tíminn utan æfinga virðist geta haft meira um það að segja hverjir geta náð langt. Eins og áður hefur komið fram þá gaf rannsókn Ford og félaga það í skyn að ekki væri munur á æfinga- og leikjafjölda hjá þeim einstaklingum sem komust á atvinnumannssamning 16 ára og þeim sem gerðu það ekki. Munurinn lá í tímanum sem einstaklingarnir voru að leika sér sjálfir í knattspyrnu utan æfinga og leikja á aldurskeiðinu 5 til 12 ára (Ford o.fl., 2009).

Mót og keppnir byrja fyrr á Íslandi heldur en í Noregi og Svíþjóð. Það þekkist ekki að börn á leikskólaaldri keppi í Noregi og Svíþjóð en á Íslandi eru börn farin að keppa frá 3 ára aldri. Það má því velta fyrir sér hvort það gefi íslenskum iðkendum ákveðið forskot á jafnaldrá sína í Noregi og Svíþjóð hversu snemma þau byrja að æfa og keppa. Í Svíþjóð er til dæmis lagt upp með það að þau félög sem eru með mörg lið í hverjum aldurshóp spili innbyrðis hjá yngstu aldurhópunum (SvFF, 2014). Á Íslandi eru fjölmennu félögin farin að vera með yfir tuttugu lið á dagsmótum og þjálfararnir hlaupa á milli valla til að stýra leikjum. Að keppa innan félags er fáþekkt á Íslandi en hugsanlega eitthvað sem íslensku félögin ættu að huga að.

4.3 Fjöldi iðkenda og skipting í hópa hjá félögum á Íslandi, Noregi og Svíþjóð

Hjá íslenska félagsliðinu er miðað við að hafa 10 til 12 iðkendur á hvern þjálfara eða leiðbeinanda og ef fjöldinn fer mikið yfir 12 þá er bætt við þjálfurum eða aðstoðarþjálfurum. Þeir sem eru saman í árgangi æfa saman hjá iðkendum 10 ára og yngri. Eftir 10 ára aldur þá er iðkendum skipt í hópa að hluta til eftir getu óháð aldri. Getumestu iðkendunum er skipt upp í tvo hópa og svo æfa hinir sem ekki komast í þessa hópa með sínum jafnöldrum. Á æfingum hjá 10 ára og yngri er reynt að taka um 20 getumestu og þeir látnir æfa saman. Aðrir iðkendur, oft um 60 iðkendur í strákaflokkunum, æfa í smærri hópum í stöðvaþjálfun í hringekjuformi þar sem iðkendur fara á milli stöðva og vinna með mismunandi þætti á hverri stöð. Hugmyndin með þessu er að geta gert aðeins erfiðari og meira krefjandi æfingar fyrir

Þá getumeiri og eru þjálfarnir meðvitaðir um að þeir getuminni þurfi annað áreiti en þeir getumeiri. Allir iðkendur geta á mætt allar þær æfingar sem eru í boði og geta byrjað hvenær sem er. Á flestum æfingum er svo skipt í hópá eftir því hvar einstaklingar stendur getulega. Byrjendur eru oftast hafðir saman í hóp í stað þess að æfa með iðkendum sem eru búnir að æfa í 2 til 3 ár. Það er því getuskipt að einhverju leyti hjá 6 til 8 ára, töluvert hjá 9 og 10 ára og svo nánast að öllu leyti hjá 11 og 12 ára. Hjá þessum aldurshópum er það huglægt mat þjálfara hver á að vera í hvaða hóp og engar mælingar fara fram.

Hjá norska félagsliðinu er miðað við að hafa 12 til 20 iðkendur í hóp á hvern þjálfara og er félagið oftast með 4 hópá í hverjum árgangi. Það stafar af því að félagið þjónustar fjögur skólahverfi og er hvert skólahverfi einn hópur með 12 til 20 iðkendum í árgangi. Fjöldi stúlkna er hins vegar mun minni en drengja og því þarf að sameina öll fjögur skólahverfin til að mynda stúlknalið. Hjá félaginu er allir velkomnir að byrja að æfa hvenær sem er frá 6 ára aldri til 17 ára. Opinberlega er ekki byrjað að velja leikmenn í afrekshóp fyrr en þeir eru á fjórtánda ári en það er samkvæmt viðmiðum Knattspyrnusambands Noregs. Hins vegar er byrjað fyrr að flokka iðkendur eftir getu inn á æfingum og láta þá spila og æfa saman sem eru svipaðir að getu. Þeir sem þykja bestir eru valdir í afrekshóp þegar þeir eru á fjórtánda ári. Við það val er fylgst með iðkendum í tvo mánuði. Öllum iðkendum er boðið að vera með í þessa tvo mánuði. Þeir unglingsþjálfarar sem eru í vinnu hjá félaginu og hafa viðeigandi þjálfaramenntun og reynslu eru beðnir um að meta iðkendur. Einnig eru haldnir fundir með þeim foreldrum sem hafa komið að þjálfun þessara iðkenda. Þessir foreldrar eru beðnir um að miðla upplýsingum um iðkendur sem þeim finnst mikilvægt að komi fram til þeirra þjálfara sem síðan taka ákvörðun um val á því hvaða iðkendur fara í afrekshóp. Með því að styðjast við mat á getu og fá upplýsingar frá foreldrum eru valdir 16 til 20 iðkendur sem talið er að eigi mestu möguleikana til að ná langt í knattspyrnu.

Í Svíþjóð eru oftast 12 til 14 í hverjum hópi og hver hópur keppir sem eitt lið og er oftast fulltrúi síns skólahverfis. Þessi lið eru kölluð grasrótarlið til aðgreiningar frá akademíuliðunum. Hjá akademíuliðunum er valdir 8 til 9 iðkendur í hóp á hvern þjálfara. Hóparnir eru allt að þrjátíu talsins í hverjum árgangi í grasrótastarfinu en í mesta lagi eru tveir akademíuhópar í hverjum árgangi. Akademíuliðin samanstanda af þeim iðkendum sem taldir eru eiga mestu möguleikana á að ná langt seinna meir. Það er gerð sú krafa að annað

akademíuliðið, oftast það lakara, sé með helming iðkenda fædda á seinni hluta ársins. Starfið hjá akademíuliðunum byrjar haustið þegar iðkendur eru 7 ára og er mun markvissara en grasrótarstarfið. Eftir skólafrí í nóvember eru foreldrar iðkenda í akademíuliðunum kallaðir á fund og útskýrt fyrir þeim hvað felst að vera í liðinu og skipulag starfsins. Þeir iðkendur sem ekki komast í þessi lið halda áfram í sínum grasrótarliðum sem er einnig hluti af félaginu. Hjá stúlkunum er fyrst valið í akademíulið við 12 ára aldur. Fyrir val í akademíuliðin býðst öllum iðkendum að æfa aukalega yfir ákveðið tímabil haustið sem þeir verða 7 ára og einnig eru settir upp leikir. Á þessum æfingum og leikjum er fylgst með þeim og í framhaldi ákveðið hverjir verða valdir í akademíuliðin.

4.3.1 Samantekt

Í töflu 7 eru tekin saman helstu atriði hvað varðar fjölda og skiptingu í hópa hjá félögunum.

Tafla 7. Samantekt á fjölda og skiptingu í hópa hjá félögunum.

Ísland	10 til 12 iðkendur á hvern þjálfara/leiðbeinanda. Æft er árgangaskipt og allur árgangurinn er saman þangað til iðkendur eru á ellefta ári og þá er getuskipt í hópa að hluta til. Getuskipt er að einhverju leyti strax frá 6 ára. Stuðst við huglægt mat þjálfara við getuskiptingu.
Noregur	12 til 20 iðkendur í hverjum hópi á hvern þjálfara. Hver hópur æfir og keppir sem lið og er fulltrúi síns skólahverfis. Liðin æfa í sínu skólahverfi og með hinum hópunum á félagssvæði félagsins. Þar er hópunum stundum blandað saman eftir getu. Við 14 ára aldur eru þeir 16 til 20 iðkendur sem taldir eru eiga mestu möguleikana á að ná langt valdir í akademíulið. Allir geta sótt um en valið er unnið í sameiningu með foreldrum sem hafa þjálfað iðkendurna og þeim þjálfurum sem þjálfu þessi akademíulið.
Svíþjóð	12 til 14 iðkendur í hverjum hóp á þjálfara. Hver hópur keppir sem eitt lið og er fulltrúi síns skólahverfis. Valið er í akademíulið haustið sem iðkendur eru á 7 ára hjá strákuðum en 12 ára hjá stúlkum. 8 til 9 leikmenn eru í hverju akademíuliði og tvö lið í hverjum árgang. Við val í akademíulið geta iðkendur æft aukalega að hausti og settir eru upp leikir þar sem fylgst er með iðkendum. Að lokum eru valdir þeir sem eiga mestu möguleikana á að ná langt seinna meir. Stuðst er við huglægt mat þjálfara við getuskiptingu.

4.3.2 Umræður

Til að geta verið með launaða þjálfara og nýtt þá aðstöðu sem hefur verið byggð upp þá þurfa félögin að nýta tímann vel. Svo að æfing gangi sem best fyrir sig og allir fái verkefni við hæfi þá getuskipta margir þjálfarar iðkendum í hópa og jafnvel strax frá 6 ára aldri. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fyrrum fræðslufulltrúi KSÍ, er á þeirri skoðun að ef þjálfunin er þannig

byggð upp að iðkendur á mismunandi getustigi eru oft saman á æfingu þá eru auknar líkur á brottfalli hjá þeim getuminni (Sigurður Ragnar Eyjólfsson, 2012). Arnar Bill Gunnarsson, núverandi fræðslustjóri KSÍ, segir að ef iðkendur ætla að ná árangri þá þurfi þeir að vera með sínum jafningum (Steffen, 2016). Ekki eru allir sammála þessari aðferðafræði í þjálfun. Vanda Sigurgeirsdóttir, fyrrum landsliðskona í knattspyrnu og reynslumikill þjálfari, hefur áhyggjur af því að það sé of mikil áhersla á getuskiptingu í hópíþróttum á Íslandi. Hún vill að beðið sé með það að skipta börnum upp í hópa og lið eftir getu fram yfir 10 ára aldur líkt og tíðkast almennt í Noregi og Svíþjóð (RÚV, 2012a).

Fyrirkomulagið í Noregi og Svíþjóð er ólíkt íslenska fyrirkomulaginu því þar eru ekki eins fjölmennir hópar á hverri æfingu. Þar æfa jafnaldrar úr sama hverfi sem eitt lið sem samanstendur oft af 12 til 20 iðkendum. Annað sem er ólíkt á milli Íslands annars vegar og Noregs og Svíþjóðar hins vegar er akademíustarfið. Akademíustarf þekkist ekki á Íslandi í þeirri mynd sem það er í Noregi og Svíþjóð. Akademíustarfið snýst um að velja úr öllum grasrótarliðunum og mynda einn hóp með þeim iðkendum sem taldir eru eiga mestu möguleika að verða afreksmenn. Yfirleitt er valið í þessar akademíur þegar iðkendur eru 12 til 14 ára gamlir og er það í samræmi við stefnur knattspyrnusambanda þjóðanna. Sænska félagið í rannsókninni hefur farið sínar eigin leiðir í uppsetningu á sínu akademíustarfi í hálfgerðri óþökk Knattspyrnusambands Svíþjóðar og byrjar með akademíustarf strax þegar iðkendur eru á sjöunda ári.

Ekkert félaganna notast við markvissar og staðlaðar aðferðir við að greina hvaða einstaklingar eru líklegastir að ná langt og eru þar með valdir í bestu liðin og í akademíustarfið. Í langflestum tilfellum er stuðst við huglægt mat þjálfara. Með auknum fjölda iðkenda og sífellt meiri kröfum foreldra þá er mikilvægt að hæfileikagreining fari fram við val í lið og hópa. Það er ekki síður mikilvægt til þess að þjálfarar hafi verkfæri í höndunum til að geta rökstutt og varið sínar ákvarðanir fyrir iðkendum og foreldrum. Í norski rannsókn frá 2014 kom í ljós að flestir þjálfarar hafa ákveðna sýn á því hvernig eigi að velja hæfileikaríka einstaklinga úr stórum hópi en þeir áttu erfitt með að útskýra aðferðir og hugmyndafræði sem þeir nota við slíkt val (Sæther, 2014). Hættan er sú að ef ekki er stuðst við markvissar og staðlaðar aðferðir þá veljist þeir sem eru komnir lengra í líkamlegum þroska fram yfir aðra iðkendur (Ford o.fl., 2009).

4.4 Menntun og laun þjálfara sem koma að knattspyrnuþjálfun barna á Íslandi, Noregi og Svíþjóð

Hjá íslenska félagsliðinu eru 3 til 4 menntaðir þjálfarar á launum á fjölmennustu flokkunum. Auk þeirra eru aðstoðarþjálfarar sem hafa fengið einhverjar leiðbeiningar varðandi þjálfun en hafa ekki endilega lokið þjálfarastigum KSÍ. Allir þessir aðilar eru á launum hjá félaginu. Félagið gerir þá kröfu að minnsta kosti einn þjálfari sé með UEFA B þjálfaragráðu í hverjum flokki. Foreldrar eru beðnir um að aðstoða þegar á þarf að halda. Félagið er með námskrá og yfirþjálfara sem fylgist með æfingum og er hlutverk hans að leiðbeina þjálfurum. Námskráin er ekki hugsuð þannig að þjálfarar séu að lesa hana daglega. Flestir þjálfarar félagsins eru kennaramenntaðir og eru búnir að þjálfra lengi. Þeir sem eru að þjálfra hjá félaginu vita til hvers er ætlast af þeim og þjálfararnir læra hver af öðrum. Þegar nýir þjálfarar eru ráðnir þá er lagt upp með að þeir passi í þá stefnu og menningu sem ríkir hjá félaginu.

Hjá norska liðinu eru eingöngu foreldrar sem sjá um þjálfunina og fá engin laun fyrir það. Knattspyrnusamband Noregs býður upp á tvö námskeið, C-1 og C-2, fyrir þá foreldra sem eru að þjálfra eða hafa hug á að taka að sér þjálfun. Félagið er eitt af fáum félögum í Noregi sem býður foreldrum upp á þessi námskeið hjá sér í samstarfi við Knattspyrnusambandið. Námskeiðin eru að hluta til byggð upp í kringum æfingar hjá iðkendum. Fyrir vikið þurfa foreldrar ekki að taka sér frí úr vinnu og ferðast langar leiðir til að ná sér í þessi réttindi.

Í Svíþjóð byggist starfið svipað upp og í Noregi, það er að segja að foreldrar sjá um æfingarnar og býðst að sækja ákveðin þjálfaranámskeið. Reynt er að gera kröfu á að þeir sem eru að þjálfra í grasrótarliðunum séu með ákveðna grunnmenntun en þar sem um sjálfboðaliðastarf er að ræða þá gengur það ekki alltaf. Félagið gefur öllum sem koma að þjálfun iðkenda aðgang að tölvuforriti sem hægt er að opna í snjallsímum og spjaldtölvum. Þetta forrit var hannað í samstarfi við félagið og inniheldur tilbúna tímaseðla og stóran æfingabanka. Hjá akademíuliðunum eru hins vegar eingöngu menntaðir þjálfarar á launum. Þar er gerð sú krafa að allir þjálfarar séu að lágmarki með UEFA B þjálfaragráðu ásamt menntun frá félaginu sjálfu.

4.4.1 Samantekt

Á Íslandi þjálfar menntaðir þjálfarar á launum alla iðkendur og margir þeirra eru menntaðir kennarar á meðan grasrótarpjálfarar í Svíþjóð og Noregi eru foreldrar í sjálfböðavinnu. Knattspyrnusamböndin í Noregi og Svíþjóð leggja áherslu á að þeir sem koma að þjálfun barna hafi lokið ákveðni grunmenntun þó svo að um sjálfböðaliðastarf sé um að ræða (NFF, án ártals; SvFF, 2014). Í akademíustarfinu eru þjálfarar hins vegar á launum bæði í Svíþjóð og Noregi. Í Svíþjóð og Noregi tíðkast það að félögin sjálf mennti sína þjálfara að hluti til en á Íslandi fer nánast öll þjálfaramenntun fram hjá Knattspyrnusambandinu.

4.4.2 Umræður

Sérstaða Íslands liggur í því að allir sem koma að yngri flokka þjálfun eru á launum en í Noregi og Svíþjóð sjá foreldrar í flestum tilfellum um að þjálfarar iðkendur í grasrótastarfinu og gera það launalaust. Hvort sem um sjálfböðaliðastarf eða launað starf er um að ræða þá gera öll knattspyrnusamböndin þá kröfu að þeir sem koma að þjálfun barna eiga að hafi lokið ákveðni þjálfaramenntun. Í Noregi og Svíþjóð er gerð krafa á C - þjálfaragráðu sem miðast við þjálfun á iðkendum tólf ára og yngri (NFF, án ártals; SvFF, 2014) og á Íslandi er miðað við að þjálfara séu búnir með KSÍ 2 þjálfaragráðu (KSÍ, 2015). Þessar þjálfaragráður eru sambærilegar milli landa og miðast við þjálfun á yngri iðkendum. Töluvert hefur verið rætt um hvort það sé æskilegt að foreldrar sjái um þjálfun í Noregi og hafa félög verið hvött til þess að gera þjálfarastarfið veigameira. Ein rökin með því að foreldrar sjái um þjálfunina er að það er of kostnaðarsamt fyrir mörg félög að vera með launaða þjálfara. Egill Olsen, fyrrum landsliðsþjálfari Noregs, hefur sagt að ef Noregur ætli að ná betri árangri sem knattspyrnuþjóð þá sé nauðsynlegt að þeir sem eru þjálfara séu menntaðir þjálfarar en ekki ómenntaðir foreldrar (Orri Erlingsson, 2011).

Þeir foreldrar sem taka að sér þjálfun á liði gera það eflaust af bestu getu en það hlýtur að vera ákjósanlegra að vera með þjálfara á launum til að sinna knattspyrnuþjálfun barna og unglunga. Fyrir marga foreldra er erfitt að ná að skilja að foreldrahlutverkið og þjálfarahlutverkið. Einnig eru æfingarnar bundnir að því að vera eftir að vinnudegi lýkur ef þær eru í umsjón foreldra og því ekki hægt að æfa fyrir á daginn. Foreldrar sem taka að sér þjálfun í sjálfböðavinnu gefa sér tíma til að sinna æfingum og keppnum í hjá sínu liði en ef þjálfarar eru á launum þá geta félögin sett meiri ábyrgð og kröfur á þá eins og skil á

æfingaseðlum og að þeir vinni samkvæmt stefnu sem félögin hafa sett sér. Hjá mörgum félögum á Íslandi eru þjálfarar oft beðnir að um skila inn ársætlun í upphafi tímabils og eru skyldugir að mæta reglulega á þjálfarafundi. Í Noregi og Svíþjóð æfir hvert lið oftast saman og þá er um að ræða mörg lið í hverjum árgangi og það þarf því eitt foreldri á hvert lið á meðan á Íslandi er hver þjálfari með nokkur lið og fleiri tækifæri eru til staðar að finna einstaklingum verkefni við sitt hæfi.

Hjá flestum knattspyrnufélögum snýr hluti af starfseminni að afreksstarfi þar sem þarf að greina og þróa hæfileika hjá einstaklingum og kortleggja þá leikmenn sem eiga möguleika á að verða afreksmenn (Vaeyens o.fl., 2008). Slíka vinnu er ekki hægt að framkvæma nema með að gefa sér tíma og því ekki hægt að ætlast til þess að foreldrar í sjálfboðavinnu gefi sér tími í það né hafi þekkingu til að meta þá þætti sem skipta máli. Þjálfarar þurfa að hafa í huga hvaða eiginleikar einstaklingar geta þróað með sér en ekki einblína eingöngu á þá eiginleika sem einstaklingar búa yfir á ákveðnu vaxtarskeiði. Líkamlegur styrkur gefur oft sumum einstaklingum tímabundið forskot á aðra (Unnithan o.fl., 2012).

Þar sem kröfur iðkenda og foreldra hafa aukist síðustu ár og mörg félög hafa ekki getað komið nægilega til móts við þær kröfur þá hafa margir einkaaðilar byrjað með aukaæfingar fyrir einstaklinga. Þessir einkaaðilar eru duglegir að nýta sér þá einstaklinga sem hafa stundað slíka þjálfun hjá þeim og náð langt í knattspyrnu til að auglýsa starfsemina og auglýsa sig með setningum eins og *Þú þarft ekki að leita lengra! Við gerum þig betri! Við erum með allt til staðar fyrir þá einstaklinga sem ætla sér að ná langt og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að láta draum þinn rætast!* (KEP, 2017). Einkaæfingar eru mun dýrari en æfingar hjá félagsliðum og hjá einu fyrirtæki á Íslandi sem sérhæfir sig einka- og hóppjálfun kostar til að mynda 45 mínútna æfing 7.990 krónur (Battar, án ártals). Í Noregi hefur verið bent á þá þróun að það sé orðið það dýrt að æfa knattspyrnu að margir efnilegir leikmenn hafi ekki efni á því og hætti því oft á unglingsárum. Þessi þróun sést vel í Osló þegar valin eru úrtök efnilegra unglinga því alltaf eru færri og færri sem koma úr fátækari hverfum borgarinnar (TV 2, 2017). Magni Fannberg, þróunarstjóri hjá Brann í Noregi og fyrrum þjálfari hjá Brommapokjarna, segir í viðtali við TV2 að knattspyrna sé orðin svo stór iðnaður að þættir eins og einkaþjálfun, aukinn búnaður og keppnisferðir erlendis séu orðinn hluti af knattspyrnumenningunni og það sé ekki hægt að komast hjá þessum hlutum. Hins vegar sé

mikilvægt að þau félög sem bjóði upp á afreksstarf bjóði upp á það góða þjónustu að einstaklingar þurfi ekki að leita út fyrir félagið. Þannig sé hægt að að stjórna ferðinni og hafa áhrif. Einnig er ákveðið sóknartækifæri fyrir félögin að bjóða upp á aukna þjónustu sem kostar þá eitthvað aukalega. Með þessu gæti skapast tækifæri til að búa til stöðugildi fyrir þjálfara í hlutastarf eða jafnvel fullt starf. Magni kom einnig inn á í viðtalinu að það sé mikilvægt að Knattspyrnusamband Noregs hafi eftirlit með starfinu og í kjölfarið verði þá fleiri meðvitaðir um að sú þjónusta sem félögin bjóði upp á sé fullnægjandi og ekki þurfi að leita annað (Fabian og Throndsen, 2017).

4.5 Aðstæður þeirra barna sem æfa knattspyrnu á Íslandi, Noregi og Svíþjóð og stuðningur sveitarfélaga og knattspyrnusambandanna

Á Íslandi búa nokkur félög við þann kost að geta boðið iðkendum sínum upp á að æfa í knattspyrnuhöll í fullri stærð. Íslenska félagið í þessari rannsókn er með allar æfingar hjá iðkendum 10 ára og yngri í slíkum höllum. Iðkendur á aldrinum 11 til 12 ára æfa tvisvar sinnum í knattspyrnuhöll og einu sinni á gervigrasvelli. Yfir sumartímam æfa allir iðkendur á grasvöllum. Á Íslandi hafa æfingar verið að færast fyrr á daginn og eru oft í beinu framhaldi eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Fyrstu æfingar dagsins á virkum dögum byrja klukkan 15:00 og eru allir iðkendur á aldrinum 6 til 12 ára búnir í síðasta lagi klukkan 18:00 á daginn. Félagið býður upp á rútuferðir fyrir yngstu iðkendum á æfingar þar sem foreldrar eru í vinnu á þeim tíma sem æfingarnar eru. Í Noregi æfa allir á gervigrasvöllum og í Svíþjóð er æft á gervigrasvöllum ásamt því að félagið á yfirbyggðan loftbólúæfingavöll sem þau lið sem eru staðsett nálægt geta nýtt sér. Yngstu grasrótarliðin æfa í íþróttahúsum yfir köldustu vetrarmánuðina. Allar æfingar fyrir þennan aldurshóp, 12 ára og yngri, eru eftir að skóla- og vinnudegi lýkur eða á milli klukkan 17:00 og 19:00.

Hjá íslenska félaginu kostar 31.000 krónur fyrir iðkendur á leiksskólaaldri. Fyrir 6 til 8 ára kostar 77.000 krónur og 89.000 krónur fyrir iðkendur frá 9 til 12 ára. Bæjarfélagið veitir öllum íbúum sínum 18 ára og yngri styrk til íþrótt- og tómstundastarfs. Fyrir árið 2017 var sá styrkur 40.000 krónur. Jafnframt gefst foreldrum kostur á því að vinna í kringum stórt knattspyrnumót sem haldið er á vegum félagsins. Með því er hægt að fá 12.000 króna afslátt af æfingagjöldunum. Bæjarfélagið á alla þá aðstöðu sem félagið notar til æfinga og keppni og er félaginu úthlutaðir tímar út frá iðkendafjölda. Vegna þess hve margir iðkendur eru hjá

félaginu og þeirrar stefnu félagsins hvað varðar fjölda æfingátíma hjá hverjum árgangi þá duga ekki þeir tímar sem félaginu eru úthlutaðir af bæjarfélaginu. Félagið þarf því að leigja tíma í minni knattspyrnuhúsum og hjá öðrum bæjarfélögum. Á Íslandi er öll starfsemin fyrir þennan aldurshóp í höndum félaganna og Knattspyrnusamband Íslands skiptir sér ekkert af því.

Í Noregi kostar 12.500 krónur fyrir iðkendur á leikskólaaldri að æfa og 22.000 krónur fyrir iðkendur frá 6 ára til 12 ára. Félagið á félagsaðstöðu með búningsklefum við knattspyrnuvöllina en vellirnir eru í eigu sveitafélagsins sem úthlutar félaginu æfingátíma. Gott samstarf er við norska Knattspyrnusambandið sem er með ákveðnar grunnhugmyndir varðandi uppbyggingu á starfinu sem það afhendir félögunum til að hafa til hliðsjónar. Að öðru leyti treystir það starfsmönnum og sjálfboðaliðum að reka félögin og innleiða hugmyndafræði Knattspyrnusambandsins innanvallar sem og utanvallar. Félagið fær afhent gögn og kynningar varðandi þjálfaramenntun og er svo treyst til þess að sjá um grunnþjálfaramenntun fyrir sína þjálfara.

Í Svíþjóð kostar um 18.000 krónur að æfa hjá grasrótarliðunum fyrir iðkendur 12 ára og yngri. Í akademíuliðunum kostar hins vegar mun meira eða um 143.000 krónur fyrir 12 ára og yngri. Innifalið í því er æfingafatnaður en grasrótarliðin þurfa að kaupa hann sjálf. Félagið fær styrk frá sveitarfélaginu fyrir hverja æfingu og hvern iðkanda. Félagið þarf hinsvegar að leigja flesta aðstöðu. Sænska Knattspyrnusambandið leggur til að félögin séu ekki með akademíulið fyrir en iðkendur eru orðnir 15 ára gamlir sem er gegn stefnu félagsins sem byrjar með akademíulið strax við 7 ára aldur. Samstarf Knattspyrnusambandsins og félagsins er því ekki mikið og Knattspyrnusambandið skiptir sér lítið af starfseminni.

4.5.1 Samantekt

Í töflu 8 er búið að taka saman æfingagjöld félaganna þriggja fyrir tímabilið 2016/2017.

Tafla 8. Samantekt á æfingagjöldum.

	Yngri en 6 ára	6 til 8 ára	9 til 10 ára	11 til 12 ára
Ísland	31.000 kr	77.000 kr	89.000 kr	89.000 kr
Noregur *	12.248 kr	22.046 kr	22.046 kr	22.046 kr
Svíþjóð - Grasrótastarfið*		17.920 kr	17.920 kr	17.920 kr
Svíþjóð - Akademíustarfið*		143.364 kr	143.364 kr	143.364 kr

- (umreiknað í íslenskar krónur m.v. gengisskráningu Seðlabanka Íslands 10. maí 2017)

4.5.2 Umræður

Töluverður munur er á æfingagjöldum á milli landanna. Æfingagjöld á Íslandi eru allt að fjórum sinnum hærrí en í Noregi og Svíþjóð. Það ber þó að hafa í huga hvað er innifalið í æfingagjöldum. Á Íslandi er gert ráð fyrir því að æfingagjöld standi undir öllum launakostnaði þjálfara og þeim búnaði sem þarf til æfinga eins og t.d. bolta og keilur. Þjálfunin í Noregi og Svíþjóð er af stærstum hluta sjálfboðaliðastarf og því er ekki þörf á hærri æfingagjöldum. Langflest sveitarfélög á Íslandi koma til móts við útgjöld foreldra vegna æfingagjalda og veita styrki eða niðurgreiða æfingagjöld að hluta. Jafnframt þurfa félögin á Íslandi í flestum tilfellum ekki að leigja æfinga- og keppnisaðstöðu fyrir sína iðkendur. Í Svíþjóð eru veittir styrkir til félaganna sjálfra og fer upphæðin eftir fjölda iðkenda og æfinga. Þessir peningar nýtast meðal annars í aðstöðu en flest félög í Svíþjóð þurfa að leigja knattspyrnuvöllina sem

þau nýta fyrir æfingar (SvFF, 2016). Í Noregi eru ekki veittir iðkendastyrkir en á móti kemur að sveitarfélögin eiga knattspyrnuvöllina og veita félögunum aðgang að þeim án leigugjalds (Johannessen, 2017). Í akademíustarfinu eru æfingagjöldin há og mikil umræða hefur verið í Noregi um að knattspyrna sé að verða íþrótt þeirra efnameiri. Að æfa knattspyrnu í grasrótarótarstarfi í Noregi og Svíþjóð er ódýrt og þar af leiðandi er þjónustan sem boðið er upp á eftir því. Það er því ákveðið áhyggjuefni fyrir knattspyrnuhreyfinguna bæði í Noregi og Svíþjóð ef getumiklir einstaklingar hafa ekki efni á því að æfa í því umhverfi sem hentar þeim sem í flestum tilfellum er í akademíum félaganna (Johannessen og Rørtveit, 2017).

Aðkoma knattspyrnusambandanna er ólík í löndunum þremur. Á Íslandi eru afskipti Knattspyrnusambands Íslands í yngra flokka þjálfun lítil og félögin sjálf stjórna að mestu leyti hvernig þau haga sínu starfi. Í Svíþjóð virðist vera lagt upp með ákveðna sýn en ef félögunum hugnast hún ekki þá er ekkert sem kemur í veg fyrir að félögin geti ekki farið sínar leiðir. Dæmi um þetta er hvernig akademíustarf hjá nokkrum félögum er þvert á tilmæli sænska Knattspyrnusambandsins varðandi aldur við val á einstaklingum í lið og í afrekshópa (SvFF, 2014). Í Noregi er starfsemi félaganna miðstýrt af einhverju leyti af norska Knattspyrnu-sambandinu. Dæmi um það er gæðakerfi sem félögin eru hvött til að vinna eftir og fá ákveðna vottun frá Knattspyrnusambandinu í hvert skipti sem þau hafa uppfyllt ákveðin viðmið. Starfið hjá félögunum þarf því að vera eftir ákveðinni sýn Knattspyrnusambandsins og þar að leiðandi verður Knattspyrnusambandið leiðandi í mótun þess starfs sem fer fram innan félaganna (NFF, án ártals).

4.6 Næstu skref í knattspyrnuþjálfun barna

Yfirþjálfari íslenska félagsins vildi sjá félagið halda utan um menntun aðstoðarþjálfara áður en þeir fara á þjálfaranámskeið hjá Knattspyrnusambandi Íslands. Þeir þjálfarar sem sýna starfinu áhuga og metnað geta síðan sótt námskeið hjá Knattspyrnusambandinu. Hann var á því að þjálfaramenntun sé ekki endilega aðalatriðið heldur sé það frekar að auka eftirfylgni og finna rauða þráðinn í starfinu. Hann sá ekki fram á neina róttæka breytingu í æfingunum sjálfum heldur frekar í utanumhaldi og í því að sinna iðkendum betur fyrir utan æfingar. Hann var þó meðvitaður um að alltaf sé hægt að bæta æfingarnar og samþætta þær. Hann vildi sjá

að þjálfarar geti sinnt þjálfuninni betur en til þess þarf að hækka launin hjá þeim og gera þeim kleift að sinna þjálfarastarfinu meira eins og öðrum störfum. Að hans mati eru þjálfarar að vinna fyrir aðeins 30 til 40 prósent laun miðað við vinnuframlag. Hann kom einnig inn á að aðstaða fyrir þjálfara þarf að vera betri annars er þetta endalaust kapphlaup og stress út um allt. Hvað iðkendur varðar þá þarf að finna fleiri þjálfara sem geta sinnt öllum þessum fjölda. Einn möguleiki er að semja við sveitafélögin um að þeir kennarar sem eru einnig þjálfarar komist fyrr á daginn í þjálfun. Einnig mætti skoða það að fá skólana í samstarf með valgreinar fyrir unglunga þannig að þeir kæmst á æfingu einu sinni í viku á skólatíma.

Yfirþjálfari norska félagsins lagði mikla áherslu á að koma á starfsemi strax eftir skóla þannig að iðkendur geti komið og stundað knattspyrnu eftir skóla alla daga. Að hans mati væru mörg börn í dægradvöl með afar takmarkaðri dagskrá eftir að skólanum lýkur. Það er hans draumur að geta boðið þessum börnum á aldrinum 6 til 9 ára upp á eina æfingu og hressingu strax eftir skóla alla virka daga vikunnar. Hann var á því að það sé mikilvægt að sinna þessu aldurskeiði, 12 ára og yngri, vel og gera eins vel við þau og hægt er. Það skili sér síðar fyrir félagið og önnur félög í efri deildum Noregs. Norska knattspyrnusambandið hefur lagt áherslu á að efla samstarf við skólakerfið og aðlaga starfið hjá félögum þannig að nemendur í framhalds- og háskólum geti komið að þjálfun barna (NFF, án ártals).

Yfirmaður akademíunnar hjá sænska félaginu lagði áherslu á ákveðna þróun í akademíustarfinu og vildi sjá meiri samfellu í starfinu á milli árganga. Í dag eru þeir með einn þjálfara í 9 ára liðinu sem fylgir einnig 8 ára og 10 ára liðinu og horfir á tvær æfingar hjá báðum þessum liðum á viku. Þessu skipulagi myndi hann einnig vilja koma á hjá 12 ára liðinu. Honum fannst að það þurfi að vera enn skýrari viðmið fyrir þennan aldurshóp. Sérstaklega þegar hugað sé til framtíðar og þjálfara hætta og nýir koma inn. Áherslan hefur verið mjög tæknimiðuð og mikil áhersla á knattækni allt frá árinu 2000 og núna sé komið að því að huga meira að einstaklingsleikfræði og þá sérstaklega varnarleikfræði einstaklingsins og byrja á því strax hjá 10 til 12 ára iðkendum. Hann vildi sjá það sem hluta af einhverjum æfingum því það helst í hendur við að því sterkari sem varnaleikurinn er því öflugri sóknarmenn þarftu. Þó svo að hann legði áherslu á að fá meiri einstaklingsþátt inn í þjálfunina þá var hann meðvitaður um að þetta þarf að vera í samhengi. Hann vill að leikmenn geti þróast og telur jafnframt

mikilvægt að eiga góð lið en það er aðallega til þess að leikmönnum líði vel og vilji vera í félaginu. Því eldri sem leikmenn verða því mikilvægara er að vera góður liðsfélagi.

4.6.1 Samantekt

Í töflu 9 má sjá samantekt á þeim atriðum sem viðmælendur vilja sjá sem næstu skref í knattspyrnuþjálfun á næstu árum.

Tafla 9. Samantekt á hvaða næstu skref viðmælendur vilja sjá í knattspyrnuþjálfum á næstu árum.

Félag 1 (Ísland)	Félag 2 (Noregur)	Félag 3 (Svíþjóð)
Grunnmenntun þjálfara innan félaganna.	Koma á starfsemi strax eftir skóla.	Meiri samfelli á milli árganga.
Áhersla á aukna eftirfylgni og finna rauða þráðinn í starfinu.		Huga meira að einstaklingsleikfræði og þá sérstaklega varnarleikfræði.
Hækkun laun og bæta aðstöðu þjálfara.		
Finna fleiri þjálfara sem ráða við að halda utan um stóra hópa.		
Aukið samstarf við skólana.		

4.6.2 Umræður

Samhljómur er hjá íslenska félagsliðinu og því norska varðandi stefnur í menntun þjálfara. Félögin vilja að grunn þjálfaramenntun fari fram innan félaganna. Í Noregi hefur félagið verið leiðandi í þeirri vinnu og er í góðri samvinnu við norska Knattspyrnusambandið. Það

er eitt af markmiðum Knattspyrnusambandsins að þróa þjálfaranámskeiðin þannig að félögin sjálf geti haldið C-námskeið fyrir sína þjálfara og þjálfara í nágrannafélögum (NFF, án ártals). Yfirþjálfari íslenska félagsins kemur inn á að auka eftirfylgni og finna rauða þráðinn í starfinu. Þegar félögin eru með fjölmenna hópa og marga iðkendur þá er mikilvægt að ákveðin samfella sé í starfinu og að félagið vinni sem ein heild. Ákveðin stefna þarf að vera til staðar allt frá því að iðkendur byrja og þangað til að þeir hætta. Þá þarf líka að passa upp á að það sé eftirfylgni með starfinu og iðkendum. Það að þjálfarar þekki alla sína iðkendur með nafni getur verið krefjandi þegar þjálfarar eru með fjölmenna hópa og jafnvel marga hópa. Flest öll félög vilja bjóða iðkendum upp á viðeigandi þjónustu samanber æfingafjölda, aðstöðu og að þjálfarar séu menntaðir knattspyrnuþjálfarar á launum. Á Íslandi hefur þetta verið gert síðustu ár en vandamálið sem félögin standa fyrir á næstunni er að æfingaaðstaða yfir vetratímam hjá fjölmennustu félögum er fullnýtt og ef iðkendum heldur áfram að fjölga þá verður ekki pláss fyrir alla. Það eru nokkrar leiðir mögulegar til að koma til móts við þetta vandamál. Hægt er að byrja fyrr á daginn en þá þarf að fá þjálfara sem hafa tök á því. Á Íslandi eru mjög margir þjálfarar einnig kennarar sem eru flestir bundnir í vinnu allavega til fjögur á daginn. Frekara samstarf grunnskólanna og félaganna er því grundvöllur fyrir að þetta sé hægt. Með því að þeir kennarar sem einnig eru að þjálfra gætu suma daga vikunnar losnað fyrir úr skólanum til að geta sinnt þjálfun. Einnig er ákveðið sóknarfæri fyrir félögin að geta boðið upp á æfingar í byrjun skóladags, brotið upp stundartöfluna á miðjum skóladegi og boðið upp á valgreinar í samvinnu við skólanna. Norska félagið í rannsókninni er að vinna að því að bjóða iðkendum á aldrinu 6 til 10 ára upp á þjónustu sem foreldrar gætu valið frekar en að nýta sér þau úræði sem eru í boði í skólunum eftir að skóladegi lýkur. Til að geta boðið upp á aukna og betri þjónustu við iðkendur þá þurfa félögin að hafa hæft starfsfólk.

4.7 Styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar

Þar sem aðeins eitt félag frá hverju landi var skoðað þá er ekki hægt að alhæfa niðurstöðurnar yfir á öll félög í viðkomandi landi. Viðmælendur voru beðnir um að taka fram hvað væri einkennandi fyrir félagið og hvað væri frábrugðið öðrum félögum. Með því að hitta þá í eigin persónu þá gafst tækifæri á að fá góða innsýn í starfið og það umhverfi sem félögin

búa við. Hafa ber í huga að viðtölin við norska og sænska viðmælendurna fóru fram á ensku sem er hvorki móðurmál spyrjanda né viðmælenda.

Samantekt

Þrátt fyrir að knattspyrna sé einfaldur leikur eins og kom fram í fræðilega hlutanum þá eru nálganir í knattspyrnuþjálfun barna ólíkar eftir löndum. Markmiðið með þessari rannsókn var að sjá í hverju munurinn liggur og í framhaldinu hvort nýta mætti þá þekkingu sem þetta verkefni hefur skapað til að gera knattspyrnuþjálfun barna ennþá betri hvort sem það er á Íslandi, Noregi eða Svíþjóð. Það er óþarfi að finna upp hjólið og ef það er hægt að aðlaga einhverja þætti sem hafa gengið vel hjá einu félagi yfir á annað félag þá hlýtur það að vera allra hagur. Tækifæri leynast víða ef vel er gáð.

Á Íslandi byrja börn fyrr að æfa knattspyrnu heldur í börn í Noregi og Svíþjóð. Það eru æfingar í boði fyrir börn frá þriggja ára aldri á Íslandi, í Noregi eru æfingar í boði fyrir börn frá fjögurra aldri en í Svíþjóð er það ekki fyrr en við 6 ára aldur. Börn á leikskólaaldri á Íslandi æfa oftast en jafnaldrar þeirra í Noregi og Svíþjóð og keppni er ekki boði í þeim löndum en á Íslandi eru börnum á leikskólaaldri boðið upp á keppni nokkrum sinnum yfir árið. Ekki er mikill munur á æfingafjölda í þessum löndum hjá börnum á aldrinum 6 til 12 ára. Oftast eru tvær til þrjár æfingar í viku en á Íslandi eru æfingarnar oftast þrjár á viku og fjölgar í fjórar yfir sumartímum hjá iðkendum 8 til 12 ára.

Getuskipting byrjar að einhverju leyti á Íslandi strax við 6 ára aldur, í Noregi byrjar getuskipting formlega við 14 ára aldur og í Svíþjóð vill Knattspyrnusambandið byrja getuskiptingu við 15 ára aldur en sænska félagið í rannsókninni byrjar að velja þá bestu saman strax 7 ára hjá strákum og 12 ára hjá stúlkum.

Þjálfun barna 12 ára og yngri er eingöngu í höndum foreldra í sjálfboðavinnu í Noregi og Svíþjóð fyrir utan akademíustarfsemi félaganna á meðan öll þjálfun er í höndum menntaðra og launaðra þjálfara á Íslandi. Að sögn yfirþjálfara íslenska félagsins er hátt hlutfall íslenskra yngri flokka þjálfara kennaramenntaðir einstaklingar.

Á Íslandi mætir stór hópur, allt að 80, iðkenda saman á æfingu og er síðan skipt í minni hópa og æfingin fer fram í stöðvarþjálfun eða hringekjufyrirkomulagi. Flestar æfingar í

Noregi og Svíþjóð eru þannig að hópurinn er lítill, 12 til 20 iðkendur, og keppir sem eitt lið sem er oft fulltrúi síns skólahverfis. Æfingar á Íslandi eru farnar að vera í framhaldi af skóladeginum á meðan allar æfingar í Noregi og Svíþjóð eru eftir að hefðbundnum vinnudegi foreldra lýkur. Á Íslandi eru afskipti Knattspyrnusambands Íslands á yngra flokka þjálfun lítil og félögin sjálf stjórna að mestu leyti hvernig þau haga sínu starfi. Í Svíþjóð virðist vera lagt upp með ákveðna sýn en ef félögunum hugnast hún ekki þá er ekkert sem kemur í veg fyrir að félögin geti ekki farið sínar leiðir. Í Noregi er starfsemi félaganna miðstýrt af einhverju leyti af norska Knattspyrnusambandinu. Dæmi um það er gæðakerfi sem félögin eru hvött til að vinna eftir og fá ákveðna vottun frá Knattspyrnusambandinu í hvert skipti sem þau hafa uppfyllt ákveðin viðmið.

Langflest sveitarfélög á Íslandi koma til móts við útgjöld foreldra vegna æfingagjalda og veita styrki eða niðurgreiða æfingagjöld að hluta. Jafnframt þurfa félögin á Íslandi í flestum tilfellum ekki að leigja æfinga- og keppnisaðstöðu fyrir sína iðkendur. Í Svíþjóð eru veittir styrkir til félaganna sjálfra og fer upphæðin eftir fjölda iðkenda og æfinga. Þessir peningar nýtast meðal annars í aðstöðu en flest félög í Svíþjóð þurfa að leigja knattspyrnuvöllina sem þau nýta fyrir æfingar. Í Noregi eru ekki veittir iðkendastyrkir en á móti kemur að sveitarfélögin eiga knattspyrnuvöllina og veita félögunum aðgang að þeim án leigugjalds.

Á Íslandi hefur þjálfunin verið í höndum launaðra þjálfara á meðan nánast öll þjálfun fer fram af sjálfbóðaliðum í Noregi og Svíþjóð. Reynsla höfundar er sú að með aukinni þjónustu og stærri hópum þá fækkar oft sjálfbóðaliðum. Margir foreldrar telja sig vera búnir að kaupa ákveðna þjónustu fyrir börnin sín og finnur ekki fyrir þörfinni til þess að bjóða fram aðstoð. Þetta er eitthvað sem félög í Noregi og Svíþjóð ættu að hafa í huga ef það er hugur á að færa starfið í þá átt sem það er á Íslandi. Mikilvægt er að vera með leiðir til að halda foreldrum virkum í starfinu þó svo að þjálfunin færist úr höndum sjálfbóðaliðans yfir til þjálfara á launum. Á Íslandi þurfa félögin aftur á móti að spyrja sig þeirrar spurningar hvort akademíustarf eins og fer fram í Noregi og Svíþjóð sé þróun sem þurfi að koma á héraendis. Er líkleggra að félög skili afreksmönnum með akademíustarfi eða með því að allir fái tækifæri eins og raunin er á Íslandi? Svo má einnig spyrja sig hvort það sé mögulega komið á akademíustarf

í einhverri mynd á Íslandi með því að getuskipta strax frá 6 ára aldri og lið keppa í styrkleikum.

Lokaorð

Erfitt er að svara spurningunni hvernig næst árangur í knattspyrnu og eflaust ekki til neitt eitt rétt svar. Einn af viðmælendum rannsóknarinnar orðaði hlutina svona þegar hann var spurður hvað honum þætti jákvætt í uppbyggingu þjálfunarinnar. „Það að geta haldið tiltölulega mörgum börnum virkum og tiltölulega mörgum nokkuð ánægðum, að það gangi þokkalega og rúllar ágætlega og það fá allir næg tækifæri, enginn skilinn eftir og það að allir geta verið með á mótum og æft. Ef þau grunnatriði eru í lagi þá er margt unnið.“ Þó svo að kröfur margar séu orðnar meiri þá eru þetta hluturnir sem skipta mestu máli í yngra flokka þjálfun.

Það starf sem hefur myndast hjá félögum hefur að stórum hluta mótast af því umhverfi og samfélagi sem starfsemin fer fram í. Á Íslandi hafa þjálfarar í mörg ár fengið einhverja greiðslu fyrir þjálfun. Kennarar og íþróttafraeðingar hafa margir haft kost á því að losna fyrir úr vinnu til að sinna knattspyrnuþjálfun barna. Í Noregi hefur verið horft til þess að nýta megi nemendur í framhalds- og háskólum til þjálfunar. Það er alveg ljóst að ef það er vilji á að auka gæðin og þjónustu í þjálfuninni fyrir alla sem vilja þá þarf að eiga sér gríðalega gott samstarf á milli iðkenda, foreldra, skóla, íþróttafélaga og bæjarfélaga. Þó svo að knattspyrnuþjálfun barna á Íslandi þyki góð í samanburði við önnur lönd þá er hún síður en svo fullkomin. Samstarf við skóla þarf að aukast, erfitt getur verið að finna góða þjálfara til að byrja snemma á daginn og hópur iðkenda er orðinn mikill hjá mörgum félögum. Helsta verkefni íþróttafélaganna er að finna leiðir til að geta byrjað fyrir á daginn í samstarfi við skólana. Með því myndi sú íþróttastaða sem byggð hefur verið upp nýtast betur sem og börnin væru búin í tómsundum fyrir á daginn. Eins og kom fram í fræðilega hluta verkefnisins þá getur þjálfari haft mikil áhrif á knattspyrnuferill iðkenda og þá er mikilvægt að þjálfarar hafi þá þekkingu og menntun sem þarf. Það að margir íslenskir yngri flokka þjálfarar séu einnig uppeldismenntaðir er dýrmætt fyrir íslenska knattspyrnu og eitthvað sem þarf að halda í. Svo er það spurning hvort það sé líklegra að félög skili afreksknattspyrnufólki með akademíustarfi eða með því að allir fái jöfn tækifæri eins og raunin er á Íslandi.

Heimildir

- Battar. (án ártals). Battar - Knattspyrna - Einkabjálfun. Sótt af <http://battar.is/thjalfun/einkathjalfun/>
- BBC. (2016). Norwegian Tippeligaen Table. Sótt af <http://www.bbc.com/sport/football/norwegian-tippeligaen/table>
- Bisanz, G. og Vieth, N. (2002). Success in soccer. Basic training: German Soccer Association.
- CIA. (2016). The world factbook. Sótt af <https://www.cia.gov/library/publications/the-world-factbook/geos/no.html>
- Cobley, S., Baker, J., Wattie, N. og McKenna, J. (2009). Annual age-grouping and athlete development: a meta-analytical review of relative age effects in sport. *Sports Med*, 39(3), 235-256.
- DBU. (2012). Holdninger & handlinger - den nye måde at tænke og spille borne- og ungdomsfodbold: Dansk Boldspil-Union.
- Elfar Árni Aðalsteinsson. (2015). Leið íslenskra keppnis- og afreksmanna í knattspyrnu í atvinnumennsku erlendis: Óbirt lokaverkefni til M.ed-prófs í íþróttá- og heilsufræði. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Elvar Friðriksson og William Geir Þorsteinsson. (2007). Knattspyrnuhallirnar á Íslandi: Hvaða áhrif hefur tilkoma knattspyrnahallanna haft á íslenska knattspyrnu? : Óbirt BS-ritgerð: Kennaraháskóli Íslands. Íþróttabraut.
- Fabian, M. og Throndsen, P. (2017). Vi kunne dratt på flere dyre turneringer, men vi gjør det ikke. Sótt af <http://www.tv2.no/a/9016476/>
- Feeley, B. T., Agel, J. og LaPrade, R. F. (2015). When is it too early for single sport specialization? (Vol. 44, pp. 234-241). USA: The American Journal of Sports Medicine.
- FIFA. (2016). FIFA/Coca-Cola World Ranking. Sótt af <http://www.fifa.com/fifa-world-ranking/ranking-table/men/index.html>
- Fjöltnir. (án ártals). Æfingagjöld: Verðskrá haust 2016 - haust 2017. Sótt af <http://www.fjoltir.is/knattspyrna/aefingagjold-knattspyrna/>
- Ford, P., Ward, J. og Hugdes N, W., AM. (2009). The role of deliberate practice in the acquisition of expert performance: the early engagement hypothesis. *High Ability Studies*, 20(1), 65-75.
- Frístundakortið. (2016). Sótt af <http://reykjavik.is/thjonusta/fristundakortid>
- Frístundastyrkir. (2016). Sótt af <http://www.kopavogur.is/thjonusta/tomstundir/fristundastyrkir/>
- Gray, J. H. og Plucker, J. A. (2010). She's a natural. Identifying and developing athletic talent. *Journal for the education of gifted*, 33(3), 361-380.
- Green, B. C. (2005). Building sport programs to optimize athlete recruitment, retention, and transition: Toward a normative theory of sport development. *Journal of sport management*, 19, 233-253.
- Guðbjörg Norðfjörð, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Kjartan Freyr Ásmundsson, Ragnhildur Skúladóttir, Þór Björnsson, Þráinn Hafsteinsson og Örn Ólafsson. (2015). Íþróttir - Barnsins vegna: Íþróttá- og ólympíusamband Íslands.

- Hagstofa Íslands. (2016). Mannfjöldinn á 3. ársfjórðungi 2016. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldinn-a-3-arsfjordungi-2016/>
- Hargreaves, A. (1990). Skill and strategies for coaching soccer: Human Kinetics.
- Hirose, N. (2009). Relationships among birth-month distribution, skeletal age and anthropometric characteristics in adolescent elite soccer players. *J Sports Sci*, 27(11), 1159-1166. doi:10.1080/02640410903225145
- Hvatapeningar. (2016). Sótt af <http://www.gardabaer.is/thjonusta-i-gardabae/ithrottir/hvatapeningar/>
- Hvað er þinn frístundastyrkur hár? (2016). *Skinfaxi*, 4, 10-11.
- Jayanthi, N., Pinkham, C., Dugas, L., Patrick, B. og LaBella, C. (2012). Sports specialization in young athletes: Evidence-based recommendations. (Vol. 5): Sports Health.
- Jayanthi, N., Pinkham, C., Dugas, L., Patrick, B. og Labella, C. (2013). Sports specialization in young athletes: evidence-based recommendations. *Sports Health*, 5(3), 251-257. doi:10.1177/1941738112464626
- Johannessen, S. (2017). Klubbene svarer: – Vi er ikke i nærheten av disse summene. TV 2.
- Johannessen, S. og Rørtveit, T. (2017). Slår alarm om pengehysteri i breddefotballen: – Betaler personlig trener for barn i 13-årsalderen. Sótt af <http://www.tv2.no/sport/8998678/>
- KEP. (2017). Knattspyrnueinkaðjálfun Páls Árnasonar. Sótt af <https://www.kepacademy.net/einka-og-hpjlfun>
- Kommune, B. (2017). Bydelene. Sótt af <https://www.bergen.kommune.no/omkommunen/bydelene>
- KSÍ. (2015). Leyfisreglugerð KSÍ Útgáfa 3.1.
- KSÍ. (án dags.). Sparkvallaáttak KSÍ. Sótt af <http://www.ksi.is/mannvirki/sparkvellir/>
- KSÍ. (án ártals). Stefnyfirlýsing KSÍ um þjálfun barna og unglinga. Sótt af <http://www.ksi.is/fraedsla/stefnyfirlysing/>
- Kópavogsbær. (2016a). Bærinn minn. Sótt af <http://www.kopavogur.is/baerinnminn/>
- Kópavogsbær. (2016b). Fundargerð Íþróttaráðs Kópavogs 12.05.2016. Sótt af <http://www.kopavogur.is/stjornsyslan/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1604026F&&text=>
- Kópavogsbær. (2016c). Íþróttir. Sótt af <http://www.kopavogur.is/thjonusta/ithrottir/>
- Lawrance, D. I. (2010). Talent Identification in soccer. A critical analysis of contemporary psychological research (pp. 24-27): Sport research intelligence sportive.
- Liew, J. (2016). Euro 2016: The story of Iceland's unlikely footballing revolution. Sótt af <http://www.telegraph.co.uk/football/2016/06/03/euro-2016-the-story-of-icelands-unlikely-footballing-revolution/>
- Maddy, S. (2015). Stockholm is fastest growing city in Europe. Sótt af <https://www.thelocal.se/20151016/stockholm-is-fastest-growing-city-in-europe>
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson og Erla María Jónsdóttir Tölgyes. (2015). Ungt fólk 2015. 5. - 7. bekkur: Rannsóknir og greining.
- Moon, S. M. (2003). Personal talent. *High ability studies*, 14, 5-21.
- NFF. (2013). *Flest mulig, lengst mulig, best mulig - Den store barne- og ungdomsfotballboka*. Oslo: Norges Fotballforbund.

- NFF. (2016). NFF Ársrapport 2015. Sótt af <https://www.joomag.com/magazine/nff-nff-%C3%85rsrapport-2015/0871095001455284225?short>
- NFF. (án ártals). Handlingsplan 2016-2019: Norges Fotballforbund.
- Norway, S. (2016). Population. Sótt af <http://www.ssb.no/en>
- Orrí Erlingsson. (2011). Samanburðarrannsókn á knattspyrnuþjálfun tólf ára drengja í Noregi og á Íslandi: Óbirt lokaverkefni til B.Ed. gráðu í íþróttافرæði. Háskóli Íslands - Íþrótt og heilsubraut.
- Peterson, T. (2004). Selektions- och rangordningslogiker inom svensk ungdomsfotboll: Malmö högskola.
- Reglur - meginmarkmið og skilyrði frístundastyrkja. (2016). Fræðsluráð Hafnarfjarðar.
- Reilly, T., Williams, A. M., Nevill, A. og Franks, A. (2000). A multidisciplinary approach to talent identification in soccer. *J Sports Sci*, 18(9), 695-702.
doi:10.1080/02640410050120078
- RÚV. (2012a). Banna ætti getuskiptingu barna. Sótt af <http://ruv.is/frett/banna-aetti-getuskiptingu-barna>
- RÚV. (2012b). Peningaflæðið aldrei meira. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/peningaflaetid-aldrei-meira>
- Seðlabanki Íslands. (2017). Opinber gengisskráning. Sótt af <https://www.sedlabanki.is/default.aspx?PageID=bdce8efa-fe0a-11e4-93fa-005056bc0bdb>
- Sigfúsdóttir, I. D., Kristjánsson, A. L. og Allegrante, J. P. (2007). Health behaviour and academic achievement in Icelandic school children. *Health Educ Res*, 22(1), 70-80.
doi:10.1093/her/cyl044
- Sigurður Ragnar Eyjólfsson. (2007). How can Iceland produce so many professional football players? Sótt af http://www.ksi.is/media/fraedsla/how_can_iceland_produce_so_many_professional_football_players.pdf
- Sigurður Ragnar Eyjólfsson. (2012). Getuskipting? Fyrirlestur á hádegisfundi ÍSí. Sótt af [http://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/hadegisfundir/Hadegisfundur-13.-des/Getuskipting_2012_%C3%8D%C3%8D_des_-_Siggi_Raggi.pdf?="](http://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/hadegisfundir/Hadegisfundur-13.-des/Getuskipting_2012_%C3%8D%C3%8D_des_-_Siggi_Raggi.pdf?=)
- Smågutten 2016. (2016). Sótt af <http://www.brann.no/team4players>
- Statistic Sweden. (2016). Population statistics. Sótt af <http://www.scb.se/en/finding-statistics/statistics-by-subject-area/population/population-composition/population-statistics/>
- Steffen, S. (2016). På Island har barna profesjonelle trenere fra de er 12 år. Hvordan får de råd til det? Sótt af http://www.aftenposten.no/100Sport/fotball/Pa-Island-har-barna-profesjonelle-trenere-fra-de-er-12-ar-Hvordan-far-de-rad-til-det-832018_1.snd
- SvFF. (2014). Spela, lek och l ä r, *Svensk barn- och ungdomsfotbolls inriktning*. Solna: Svenska FotbollFörlaget AB.
- SvFF. (2016). Fotbollen i Sverige. Sótt af <http://fogis.se/om-svff/>
- Sæther, S. A. (2014). Identification of talent in soccer - What do coaches look for? : Department of sociology and political. Norwegian University of science and technology.
- TV 2. (2017). Oslo Øst-ungdom fraværende på samling av landets beste 14-åringar. Sótt af <http://www.tv2.no/v/1179313/>

- Tómas Þór Þórðarson. (2016). Keflvíkingar fá tugi milljóna fyrir söluna á Arnóri Ingva. Sótt af <http://www.visir.is/keflvikingar-fa-tugi-milljona-fyrir-soluna-a-arnori-ingva/article/2016160519579>
- UEFA. (2016). England - Iceland. Sótt af <http://www.uefa.com/uefaeuro/season=2016/matches/round=2000744/match=2018003/>
- Unnithan, V., White, J., Georgiou, A., Iga, J. og Drust, B. (2012). Talent identification in youth soccer. *J Sports Sci*, 30(15), 1719-1726. doi:10.1080/02640414.2012.731515
- UrbiStat. (2015). Municipality of Bromma_Stockholm. Sótt af <https://www.urbistat.it/AdminStat/en/se/demografia/popolazione/bromma-stockholm/18006/4>
- Vaeyens, R., Lenoir, M., Williams, A. M. og Philippaerts, R. M. (2008). Talent identification and development programmes in sport : current models and future directions. *Sports Med*, 38(9), 703-714.
- Vella, S. A., Oades, L. G. og Crowe, T. P. (2013). The relationship between coach leadership, the coach–athlete relationship, team success, and the positive developmental experiences of adolescent soccer players (Vol. 18): Physical Education and Sport Pedagogy.
- Viðar Halldórsson. (2005). Eiga markaðslögmálin að stjórna íþróttum barna og unglinga? Sótt af <http://www.melarsport.is/perch/resources/greinmarketing.pdf>
- Viðar Halldórsson. (2014). Íþróttapátttaka íslenskra ungmenna. *Þróun íþróttapátttöku og greining á félagslegum áhrifaþáttum, Netla*(Veftímarit um uppeldi og menntun), 1-19.
- Víðir Sigurðsson. (2017, 2. janúar). Kínversk sprenging með forsetann í faratbroddi. *Morgunblaðið Íþróttir*, bls. 2.
- Weinberg, R. S. og Gould, D. (2007). Foundations of sports and exercise psychology: Human Kinetics.
- Williams, A. M. og Frank, A. (1998). Talent identification in soccer (Vol. 4, pp. 159-165): Sport, exercise and injury.
- Williams, A. M. og Reilly, T. (2000). Talent identification and development in soccer. *J Sports Sci*, 18(9), 657-667. doi:10.1080/02640410050120041
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2006). Ungt Fólk 2006, *Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og Greining.
- ÍSí. (2015). *Iðkendur 2014 eftir íþróttagreinum: Íþrótt- og ólympíusamband Íslands*.
- Þorsteinn J. (2005). *Guðni Bergsson. Fótboltasaga*. Reykjavík: Mál og menning.
- Þórhallur Siggeirsson. (2011). Er breytinga þörf á leikjafyrirkomulagi í yngri flokkum knattspyrnu á Íslandi? : Lokaverkefni í íþróttfræði BSc. Tækni- og verkfræðideild. Háskólinn í Reykjavík.
- Þórhallur Siggeirsson. (2014). Þróun matskerfis fyrir afreksstarf yngri flokka í knattspyrnu á Íslandi: Óbirt meistaraverkefni í íþróttvísindum og þjálfun. Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík.
- Þórður Már Sigfússon. (2016). Skandinavísk félög hafa selt íslenska leikmenn fyrir um 1,5 milljarð króna á síðustu fimm árum. Sótt af <http://www.fotbolti.net/fullStory.php?id=207186>

Viðaukar

Spurningalisti til knattspyrnufélaga.

Spurningar sem snúa að skipulagi knattspyrnuþjálfunar hjá börnum 12 ára og yngri.

Nafn félags: _____

1. Hvað eru yngstu iðkendur gamlir þegar þeir geta byrjað að æfa knattspyrnu reglulega yfir árið?

Vinsamlegast merktu í einn reit í hverri línu.

	Tveggja ára eða yngri	Þriggja ára	Fjögurra ára	Fimm ára	Sex ára	Sjö ára eða eldra
Aldur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

2. Hve margir iðkendur 12 ára og yngri (2005 og yngri) æfa hjá knattspyrnu hjá félaginu?

Fjöldi _____

3. Hvenær hefst æfingatímabilið hjá iðkendum 12 ára og yngri og hvenær lýkur því?

	Tímabilið hefst	Tímabili lýkur
a) 2011 og yngri	_____	_____
b) 2010	_____	_____
c) 2009	_____	_____
d) 2008	_____	_____
e) 2007	_____	_____
f) 2006	_____	_____
g) 2005	_____	_____

4. Er gert eitthvað hlé á æfingum á tímabilinu (sumarfrí, vetrarfrí, jólafrí, o.s. frv.) og hvenær eru þessi frí og hvað eru þau lengi?

5. Hversu oft (ef nokkru sinni) æfa eftirfarandi árgangar á viku?

Vinsamlegast merktu í einn reit í hverri línu.

	Aldrei	Einu sinni í viku	Tvisvar sinnum í viku	Þrisvar sinnum í viku	Fjórum sinnum í viku	Oftar en fjórum sinnum í viku
a) 2011 og yngri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) 2010	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) 2009	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) 2008	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) 2007	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) 2006	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) 2005	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

6. Hversu langar eru æfingar hjá viðkomandi árgangi?

Vinsamlegast merktu í einn reit í hverri línu.

	Æfir ekki	Um ½ klst.	Um 3/4 klst.	1 klst.	1½ klst.	1½ - 2 klst.	Meira en 2 klst.
a) 2011 og yngri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) 2010	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) 2009	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) 2008	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) 2007	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) 2006	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) 2005	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

7. Hversu oft (ef nokkru sinni) keppa eftirfarandi árgangar að meðaltali á mánuði? Vinsamlegast merktu í einn reit í hverri línu.

	Aldrei	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Einu sinni í mánuði	Tvisvar til þrisvar í mánuði	Fjórum sinnum í mánuði	Oftar en fjórum sinnum í mánuði
a) 2011 og yngri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) 2010	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) 2009	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) 2008	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) 2007	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) 2006	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) 2005	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

8. Hvað kostar mikið (á ári) að æfa knattspyrnu fyrir iðkendur fædda

- a) 2011 og yngri - _____
- b) 2010 - _____
- c) 2009 - _____
- d) 2008 - _____
- e) 2007 - _____
- f) 2006 - _____
- g) 2005 - _____

9. Gerir félagið kröfur að þeir sem koma að þjálfun hjá eftirfarandi aldri séu menntaðir þjálfarar? Vinsamlegast merktu í einn reit í hverri línu.

Já Nei

a) 2011 og yngri

Ef Já, hvaða menntun?

b) 2010

Ef Já, hvaða menntun?

c) 2009

Ef Já, hvaða menntun?

d) 2008

Ef Já, hvaða menntun?

e) 2007

Ef Já, hvaða menntun?

f) 2006

Ef Já, hvaða menntun?

g) 2005

Ef Já, hvaða menntun?

10. Veitir sveitarfélagið einhverja iðkendastyrki sem kemur til móts við foreldra á greiðslu á æfingagjöldum?

11. Á félagið sjálft æfinga- og keppnisaðstöðu sína eða leigir félagið aðstöðuna af fyrirtækjum eða sveitafélaginu?

Questionnaire to football clubs.

Questions related to organization of football training for children 12 years old and younger.

Club: _____

5. **How old are the youngest children when they can start to practice football regularly throughout the year?**

Please check one box in each line.

	Two year old or younger	Three year old	Four year old	Five year old	Six year old	Seven year old or older
Age	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

6. **How many children ,12 years and younger (born in 2005 and after) practice football at the club?**

Number _____

7. At what time of the year does the training season start and when does it end?

	Season starts	Season ends
a) 2011 and younger	_____	_____
b) 2010	_____	_____
c) 2009	_____	_____
d) 2008	_____	_____
e) 2007	_____	_____
d) 2006	_____	_____
e) 2005	_____	_____

8. Are there any breaks in the training season during the period (winter break, Christmas holiday, summer break, etc.) and when are those breaks and for how long do they last?

5. How often (if ever) do each age group train per week?

Please check one box in each line.

	Never	Once a week	Twice a week	Three times a week	Four times a week	More than four times a week
a) 2011 and younger	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) 2010	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) 2009	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) 2008	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) 2007	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) 2006	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) 2005	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

6. How long (in hours) are the practices for each age group?

Please check one box in each line.

	Does not practice	About ½ hour	About 45 min	One hour	About 1½ hour	Between 1½ - 2 hour	More than 2 hour
a) 2011 and younger	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) 2010	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) 2009	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) 2008	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) 2007	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f) 2006	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g) 2005	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

7. How often (if ever) compete the following age group on average per month?

Please check one box in each line.

	Never	Less than once a month	Once a month	Two to three times per month	Four times per month	More often than four times per month
a) 2011 and younger	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) 2010	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) 2009	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) 2008	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) 2007	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) 2006	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) 2005	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

8. How much does it cost to practice football (annually) for children born at the ages

- a) 2011 and younger - _____
- b) 2010 - _____
- c) 2009 - _____
- d) 2008 - _____
- e) 2007 - _____
- f) 2006 - _____
- g) 2005 - _____

9. Does the club have any demands regarding education for the coaches?

Please check one box in each line.

	Yes	No
a) 2011 and younger		
If yes, what education?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

b) 2010		
If yes, what education?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

c) 2009		
If yes, what education?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

d) 2008		
If yes, what education?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

e) 2007		
If yes, what education?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

f) 2006		
If yes, what education?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

g) 2005		
If yes, what education?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

10. Does the community subsidize training fees for children 12 years and younger?

11. Does the club own the facilities (sport buildings and fields) or does the club lease it from companies or municipalities?

Viðtalsrammi

1. hluti	Kynning - Kynna ástæður og tilgang viðtalsins - Áætlaðan tíma og uppsetningu þess.
2. hluti	Fyrirkomulag þjálfunar <ol style="list-style-type: none">1. Geta allir byrjað að æfa knattspyrnu eða fer fram val í upphafi tímabils?2. Hvað eru margir í hóp á hvern þjálfara, hvað eru margir hópar í hverjum árgangi og æfa þessir hópar allir á sama tíma?3. Hvernig er raðað í hópa?4. eru einhver takmörk yfir hvað margir geta æft í hverjum árgangi?5. Geta einstaklingar byrjað að æfa á hvaða aldri sem er og hvenær sem er yfir tímabilið?6. eru allir þeir sem koma að þjálfun barna 12 ára yngri menntaðir þjálfarar eða er í einhverjum tilfellum sjálfbóðaliðar eða foreldrar sem sjá um þjálfunina?7. eru æfingarnar í framhaldi af skóladeginum eða eru þær eftir að vinnudegi foreldra lýkur?8. Er eftirlit og eftirfylgni með þjálfuninni (handbækur/námskrár)?9. Hvenær er byrjað að getaskipta og hvaða leiðir notar félagið við getuskiptingu?10. Hvernig er dæmigert tímabil hjá iðkendum 12 ára, 10 ára, 8 ára, 6 ára og svo 5 ára og yngri?11. Við hvaða aðstæður æfa þeir iðkendur sem eru 12 ára og yngri?12. Hefur knattspyrnusambandið eitthvað eftirlit með þjálfuninni hjá 12 ára og yngri?
3. hluti	Annað <ol style="list-style-type: none">1. Hvernig sérð þú fyrir þér þróun á uppbyggingu þjálfunar hjá þínu félagi?2. Hvað finnst þér mest jákvætt í uppbyggingunni eins og hún er núna?3. Hvaða þróun myndir þú vilja sjá á næstu árum?4. Er félagið dæmigert fyrir önnur félög í landinu?5. Hefur félagið eitthvað sérkenni frábrugðið öðrum félögum?
4. hluti	Lok viðtals - Samantekt og þakkir fyrir tímann og upplýsingarnar

Interview frame

1. hluti	<p>Introduction</p> <ul style="list-style-type: none"> - The reasons and purpose of the consultation - Approximate time and configuration.
2. hluti	<p>Organization of the training.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Can anyone start to practice football or does the club select who gets to train at the club from a large number of children at the beginning of the season? 2. How many children are in each group per coach, how many groups are in each age group and do these groups practice at the same time? 3. How does the club arrange participants in groups? 4. Are there any limits of how many can train in each age group? 5. Can children start exercising at any age and at any time throughout the season? 6. Are all those involved in the training of children 12 years and younger educated coaches or in some cases volunteers or parents? 7. Are the exercises an extension of the school day or at the end of a typical workday for parents? 8. Are the trainings monitored by a head coach and do the coaches have to follow some guidelines like a manual / curriculum? 9. When does the club start to arrange in groups by talent/skills and what methods do the club use? 10. How is the typical season for children 12 years, 10 years, 8 years, 6 years and 5 years old and younger? 11. How are the fields that children 12 years and younger train on? 12. Does the National Football Association have any monitoring of training at the club for 12 years and younger?
3. hluti	<p>Miscellaneous</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. How do you see the development of the structure of training at the club? 2. What do you think is the most positive thing about the structure as it is now? 3. What developments would you like to see in the coming years? 4. Is the club representative/typical of other club in the country? 5. Has the club any characteristics different from other clubs?
4. hluti	<p>End of interview</p> <ul style="list-style-type: none"> - Summary and thanks for the time and information

Samanburðarrannsókn á uppbyggingu og þjálfun á iðkendum í knattspyrnu, 12 ára og yngri, hjá félögum á Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Upplýst samþykki.

Nafn þátttakanda _____

Það er staðfest og samþykkt að undirritaður gefur Hilmar Rafn Kristinssyni meistaranema í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands upplýst samþykki sitt um þátttöku í viðtalsrannsókn á samanburði á uppbyggingu og þjálfun barna 12 ára og yngri í knattspyrnu. Öll gögn verða eingöngu í höndum rannsakanda og geymd hjá honum þar til að lokinni úrvinnslu. Öllum rannsóknargögnum verður eytt fyrir 1. júní 2017. Ásamt því hef ég samþykkt og skil að ég má neita því að svara spurningum án skýringar eða eftirmála.

Ábyrgðarmaður rannsóknar er Dr. Erlingur S. Jóhannsson prófessor í íþrótt- og heilsufræðum.

Þátttakandi:

Rannsakandi:

Ábyrgðarmaður rannsóknar:

Hilmar Rafn Kristinsson

Erlingur S. Jóhannsson

Meistaraneemi í íþrótt- og heilsufræði

Prófessor í íþrótt- og heilsufræðum

Comparative study of the structure and training of practitioners in football, 12 years and younger, with clubs in Iceland, Norway and Sweden.

Informed consent.

Name of participant: _____

I hereby grant and approve Hilmar Rafn Kristinsson, Master's student in Sport and Health at the University of Iceland informed consent for participation in an interview on a comparison of the structure of training and 12 years old and younger football. All data will be solely at the discretion of the investigator and kept with him until after processing. All research data will be deleted 1 June 2017. Along with that, I agree and understand that I may refuse to answer questions without explanations or epilogue.

Guarantor of the study is Dr. Erlingur S. Jóhannsson professor of Sport- and health science at the University of Iceland.

Participant:

Researcher:

Professor:

Hilmar Rafn Kristinsson

Erlingur S. Jóhannsson

M.ed student in Sport- and health science

Professor in Sport- and health science

at the University of Iceland.

at the University of Iceland.

